

SHAUÐÖR
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Innanhúsarkitektinn
Dóra Hansen
Hannar lampa úr
íslenskum rekavið.
allt



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

16. janúar 2012
13. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt vörðslukortun Capacent Gallup júlí - september 2011



Ruglið um álfana

Árni Björnsson er átræður í dag og berst enn fyrir því að afhjúpa ýmiskonar rugl.

tímamót 12

Á leiðinni til Utah

Kvikmyndagerðarmaðurinn Helgi Jóhannsson er á leiðinni til Utah með stuttmyndina sína.

fólk 22




Frábær byrjun Gylfa

Gylfi Þór Sigurðsson lagði upp sigurmark Swansea í frumrauninni í ensku úrvalsdeildinni.

sport 19

veðrið í dag



HLÝNAR LÍTIÐ EITT í dag má búast við vaxandi SA-átt, einkum sunnan- og suðaustantil, víða 10-15 m/s. Rigning og síðar skúrir víða sunnanlands en úrkomulítið annars staðar, einkum NA-til. Hljást syðst.

VEÐUR 4

Risarnir keyptu iðnaðarsalt

Mörg af stærstu matvælafyrirtækjum landsins eru meðal kaupenda að iðnaðarsalti sem Ölgerðin seldi. Ráðherra segir viðbrögð þeirra skipta máli ef ímynd íslenskrar matvælaframleiðslu á ekki að skaðast.

HEILBRIGÐISMÁL Mörg stærstu matvælafyrirtæki landsins eru meðal þeirra sem hafa keypt iðnaðarsalt af Ölgerðinni til að nota við matvælaframleiðslu. Listi yfir þá tugi fyrirtækja sem um er að ræða var birtur á vef Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í gær. Þar á meðal eru Sláturfélag Suðurlands, Kjarnafæði og Mjólkursamsalan.

Upp komst að iðnaðarsalt hefði verið selt til matvælafyrirtækja fyrir í vetur og um miðjan nóvember gerði Matvælastofnun (MAST) heilbrigðiseftirlitinu grein fyrir málinu. Í tilkynningu frá heilbrigðiseftirlitinu kemur fram að þá hafi MAST greint frá ákvörðun sinni

um að leyfa Ölgerðinni að selja þær saltbirgðir sem eftir voru. Heilbrigðiseftirlitið var ekki sammála þeirri ákvörðun.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, sagði í samtali við Fréttablaðið að þó að vissulega mætti gera athugasemdir við eftirlitsstofnanir og birgja sé ábyrgðin fyrst og fremst hjá matvælaframleiðendum.

„Það brýtur í bága við reglur að nota iðnaðarsalt í matvæli og það er þar sem brotin eiga sér stað.“

Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir ráðuneytið líta málið alvarlegum augum og farið verði grannt yfir málið.

Það brýtur í bága við reglur að nota iðnaðarsalt í matvæli og það er þar sem brotin eiga sér stað.

JÓHANNES GUNNARSSON
FORMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA

Spurður um möguleg áhrif málsins á ímynd íslenskrar matvælaframleiðslu segir Steingrímur málið óheppilegt.

„En það fer allt eftir því hvernig brugðist verður við og hvort menn sýni með trúverðugum hætti að slíkt muni ekki gerast aftur. Trúverðugleiki og orðstír ræðst að miklu leyti af því að

menn taki með einuro á því þegar svona kemur upp.“

Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölnunnar, sagði í gærkvöld að fyrirtækið hafi ekki haft vitneskjú um að umrætt salt hafi ekki verið ætlað til matvælaframleiðslu. Það hafi hins vegar verið notað í skamman tíma í aðeins tvær vörur af rúmlega 500 hjá fyrirtækinu.

Einar segir málið afar bagalegt fyrir fyrirtækið. „Við leggjum upp úr að vera með fyrsta flokks framleiðslu og hráefni og þess vegna er mjög óþægilegt þegar atvik af þessu tagi koma upp. Við brugðumst strax við þessu og dreifðum eftir það engum mjólkurvörum sem innihéldu iðnaðarsalt.“

- þj / sjá síðu 6



Í GULLVAGNINUM Margrét Þórhildur Danadrottning fagnaði um helgina 40 ára krýningarafmæli sínu og var mikil hátíðardagskrá í tilefni þess. Meðal annars ók hún um götur Kaupmannahafnar í gylltum hestvagni. Hún nýtur mikillar hylli og er vinsælasti konungborni þjóðhöfðingi Evrópu.

NORDICPHOTOS/AFP


Íslenska handboltalandsliðið spilar sinn fyrsta leik á EM í Serbíu í kvöld:

Þurfa toppleik á mótí Króötum

HANDBOLTÍ Strákarnir okkar í handboltalandsliðinu eru mættir til Serbíu og spila sinn fyrsta leik á Evrópumótinu á mótí Króötum í kvöld. Íslenska liðið er án þeirra Ólafs Stefánssonar og Snorra Steins Guðjónssonar og þá er óvissa hvort markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson geti verið með í kvöld en hann lá uppi í rúmi í gær með hita.

„Það er alltaf sérstök tilfinning að hefja leik á stórmóti. Það er um margt að hugsa þessa dagana en við undirbúum okkur af kostgæfni og höfum verið duglegir að greina króatíska liðið síðustu daga. Það er allt mögulegt en við verðum samt að ná algörum toppleik til þess að vinna,“ segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari en íslenska liðið hefur aldrei náð að vinna Króata á stórmóti.

Aron Rafn Eðvarðsson, markvörður Hauka, var kallaður til



Á UPPLIÐ Guðjón Valur Sigurðsson og Aron Pálmarsson verða í stórum hlutverkum hjá íslenska liðinu á Evrópumótinu í Serbíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Serbíu vegna veikinda Björgvins Páls.

„Auðvitað vonum við að Björgvin hristi þetta af sér en við vildum ekki taka neina áhættu og þess

vegna hringdum við í Aron. Hann verður því til taks ef Björgvin hressist ekki,“ segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.

- óój, hbg / sjá síðu 18

Sjóðir borgarinnar sameinast: Silfursjóðurinn gufaður upp

REYKJAVÍK Tíu milljónir króna sem Reykjavíkurborg setti í svokallaðan Silfursjóð eftir góðan árangur íslenska handboltalandsliðsins á Ólympíuleikunum árið 2008 hafa nú verið færðar til. Peningarnir munu ekki nýtast til að gefa ungmennum kost á að kynna handbolta eins og ákveðið var.

Þetta kemur fram í grein eftir Geir Sveinsson, borgarfulltrúa og fyrrverandi landsliðsmann í handbolta, í Fréttablaðinu í dag.

Tuttugu milljónir voru settar í sjóðinn árið 2008 og ákveðið að úthluta fimm milljónum á ári næstu fjögur ár. Úthlutað var tvisvar úr sjóðnum áður en hann var sameinaður Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar. Ekki hefur fengist fé úr þeim sjóði til að sinna verkefni Silfursjóðsins.



GEIR SVEINSSON

- þj / sjá síðu 11

DVÍTAMÍN

frá NOW fyrir börn og fullorðna



Fæst í verslunum um allt land.
Nánar á www.yggdrasil.is

Mánudags
FISKURINN

Fáðu uppskriftina
á gottimatinn.is



Eyjólfur er farið að blása byrlega fyrir ykkur?

„Veðurhorfurnar eru allavegna góðar.“

Eyjólfur Jóhannsson rafverktafi stefnir að því ásamt félagum sínum að framleiða rafmagn með vindmyllu á Héraði.



Á HRAKHÓLUM Ein og hálf milljón manna hefur hrakist frá heimilum sínum vegna hungursneyðarinnar sem nú ríkir í suðurhluta Sómálíu.

Púsundir deyja úr hungri: Neyðarástand í hálf ári í viðbót

SÓMALÍA Tugir þúsunda Sómala munu hafa látið lífið af völdum hungursneyðarinnar sem nú ríkir í suðurhluta Sómálíu áður en úr vandanum leysist.

Þetta fullyrðir Mark Bowden, yfirmaður Hjálparstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Sómálíu, í viðtali við BBC. Bowden segir að allt að helmingur barna í Sómálíu sé vannærdur. Hlutfall vannærra fari lækkandi, en þó verði líklega neyðarástand í landinu næstu sex til sjö mánuðina.

Sameinuðu þjóðirnar áætla að ein og hálf milljón manna hafi hrakist frá heimilum sínum vegna neyðarástandsins sem nú ríkir í landinu.

SLÖKKVILIÐ

Bátur sökk í Kópavogshöfn

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út klukkan 4 aðfaranótt sunnudags þar sem bátur hafði sokkið í Kópavogshöfn. Slökkviliðið dældi upp úr bátinum. Ekki er vitað hvað olli því að hann sökk.

Bæjarfulltrúar meirihlutans ekki sammála um hvernig staðið var að uppsögn:

Bæjarstjóra Kópavogs sagt upp

KÓPAVÖGUR Bæjarstjóra Kópavogs, Guðrúnu Pálsdóttur, hefur verið sagt upp störfum. Guðrún Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, tilkynnti Guðrúnu um uppsögnina á föstudag.

Deilt er um umboð Guðrúnar milli þeirra flokka sem mynda meirihluta í bænum. Þeir eru, auk Samfylkingarinnar, Vinstri græn, Næst besti flokkurinn og Listi Kópavogsbúa.

Guðrún Pálsdóttir var ráðin bæjarstjóri eftir kosningar, en hún starfaði áður sem embættis-



GUÐRÚN ARNARDÓTTIR

GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR

maður hjá Kópavogsbæ.

Óánægja hefur verið með störf Guðrúnar meðal bæjarfulltrúa

meirihlutans. Sérstaklega hefur verið óánægja með að dóttir Guðrúnar hafi um tíma haft bíl sem Guðrún hafði frá bænum á meðan Guðrún notaði aðra bíla bæjarins, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu. Einnig er óánægja með hvernig staðið var að ritun sögu bæjarins.

Samkvæmt heimildum er ekki samstaða um hvernig standa átti að uppsögninni. Einhverjir bæjarfulltrúar töldu rétt að biða eftir því að nýr bæjarstjóri yrði ráðinn, og eru þeir ósáttir við framgöngu Guðrúnar í málinu. - bj, þþ

Pingmenn úr jólafríi í dag:

Deilt um afturköllun ákæru

ALÞINGI Þingmenn snúa aftur úr jólafríi í dag og hefja þingstörf. Útkljá þarf mörg deilumál, meðal annars um fiskveiðistjórnunarmál, vernd og nýtingu náttúrusvæða og tillögu um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde fyrir landsdómi.

Til stendur að taka tillögu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um afturköllun ákærunnar, fyrir á föstudag. Sumir stjórnarþingmanna vilja beita sér fyrir frávisun á tillögunni. - bj

Frumvarpsdrög útiloka íþróttagreinar

Premur skotíþróttum verður sjálfhætt verði drög að nýjum vopnalögum samþykkt óbreytt á Alþingi. Engin undanþága fyrir skotíþróttir í drögnum. Skotveiðimenn fagna nýjum lögum sem setja strangari skilyrði fyrir byssueign.

ALÞINGI Verði drög að frumvarpi að nýjum vopnalögum samþykkt á Alþingi verður þremur íþróttagreinum innan Skotíþróttasambands Íslands sjálfhætt þar sem nýliðun og uppfærsla á byssum verður útilokuð.

Í drögnum, sem birt hafa verið á vef innanríkisráðuneytisins, er gert ráð fyrir algeru banni á því að Íslendingar eigi hálfsvirkar byssur, hvort sem þær eru ætlaðar til íþróttaiðkunar eða ekki.

Stjórn Skotíþróttasambands Íslands mun funda vegna málsins á þriðjudag, og líklegt að í kjölfarið verði óskað eftir fundi með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra um málið, segir Halldór Axelsson, formaður sambandsins.

„Með þessu er að óbreyttu verið að loka fyrir þrjár íþróttagreinar sem stundaðar hafa verið hér á landi síðustu 40 árin,“ segir Halldór. Í öllum þremur greinum er skotið í mark með skammtbyssu.

Þó að bannað verði að flytja inn og selja ákveðnar tegundir skotvopna samkvæmt frumvarpsdrögnum stendur ekki til að banna þeim sem eiga slík vopn þegar lögin taka gildi að halda þeim. Þess vegna munu þeir sem í dag stunda skotfimi geta haldið því áfram, en nýliðun verður engin og ekki verður hægt að uppfæra byssurnar, segir Halldór.

Hann bendir á að mikill uppgangur hafi verið í skotfimi á undanföllum árum. Nú stundi um 2.500 manns skotfimi, og árangur í þessum greinum hafi verið frábær.

Skotveiðimenn eru hins vegar ánægðir með frumvarpsdrögin. „Við erum búnir að biða lengi eftir þessu, það verður mjög gott að



SKOTFIMI Í þremur íþróttagreinum sem stundaðar eru hér á landi notast íþróttamenn við hálfsvirkar skammtbyssur. Þær verða bannaðar samkvæmt drögum að frumvarpi að nýjum vopnalögum.

Reglusemi skilyrði fyrir skotvopnaleysi

Samkvæmt drögum að frumvarpi að nýjum vopnalögum þurfa þeir sem vilja fá leyfi til að eiga skotvopn að vera reglusamir, og getur lögregla afturkallað leyfið gerist leyfishafar sekir um stórfelld fikniefnabrot, ofbeldisverk, umferðalagabrot eða önnur sambærileg brot.

Samkvæmt drögnum mega þeir sem hafa skotvopnaleysi ekki eiga meira en 20 byssur, og þurfa að geyma þær í tryggilega læstum skotvopnageymslum. Einnig verða öll hálfsvirk vopn bönnuð með öllu, að undanskildum haglabyssum sem aðeins taka tvö skothylki.

Hámarksrefsing fyrir stórfelld brot á lögnum munu varða allt að átta ára fangelsi. Stórfelld brot eru til dæmis brot sem varða mörg eða sérlega hættuleg vopn, og ef tjón eða hætta hefur hlotist af brotinu.

fá þetta í gegn,“ segir Elvar Árni Lund, formaður Skotveiðifélags Íslands.

Hann segir þau lög sem nú gilda ónákvæm, og þeim fylgi óvissa hvað varðar breytingar á byssum sérstaklega. Þá séu ekki nægilega strang skilyrði fyrir því hverjir megi eiga byssur í lögnum í dag,

og úr því eigi að bæta.

Elvar segir það ekki trufla þorra skotveiðimanna að takmarka eigi byssueign þeirra við 20 skotvopn. „Ég held að flestir séu langt undir þessu hámarki, og þeir sem eiga mikinn fjölda af byssum eru orðnir safnar og geta sótt um sérstakt leyfi fyrir því.“ brjann@frettabladid.is

Vélsleðaslys á Mosfellsheiði.

Féll 10 metra fram af hengju

SLYS Vélsleðamaður slasaðist töluvert í slysi á Mosfellsheiði síðdegis í gær. Maðurinn var ásamt félagum sínum á vélsleða á heiðinni þegar hann flaug fram af snjóhengju. Talið er að fallið hafi verið um 10 metrar.

Sérútbúinn sjúkrahúsi var sendur á vettvang og var maður fluttur á slysaeyld Landspítalans.

Björgunarsveitir voru kallaðar út en þeim var snúið við eftir að sjúkrflutningamenn komust sjálfir að manninum.

Vísir greindi frá því í gærkvöld að maðurinn hefði hlotið höfuðáverka en væri ekki í lífshættu.

Eldsvoði á laugardagskvöld:

Vistmaður á Kleppi kveikti í

ELDSVOÐI Vistmaður á Kleppi, karlmaður á fertugsaldri, hefur viðurkennt að hafa kveikt í starfsmannahúsi á lóð spítalans á laugardagskvöld.

Allt tiltækt slökkvilið var kallað á vettvang, þegar tilkynning barst lögreglu um hálf ellufu á laugardagskvöld. Vel gekk að slökkva eldinn, en húsið er talsvert skemmt.

Íbúðin var mannlus þegar lögregla og slökkvilið kom á staðinn. Sjúklingurinn sagðist hafa kveikt í íbúðinni vegna sjúkdómstengdra ranghugmynda sinna um að eitthvað væri að í húsinu.

SJÁVARÚTVEGUR

Aflaverðmætið eykst stórum

Skip þeirra átta útgerða, sem skiluðu mestu aflaverðmæti á liðnu ári, fiskuðu fyrir 72 milljarða króna eða 20% meira en árið áður, samkvæmt samantekt Fiskifrétta. HB Grandi er nú sem fyrr efsta fyrirtækið á þessum lista með nálægt 18 milljarða í aflaverðmæti.

Fimm lík hafa fundist í ítalska skemmtiferðaskipinu sem strandaði á föstudag:

Brúðhjónum bjargað úr flakinu

ITALÍA Suður-kóreskum brúðhjónum á þrítugsaldri var snemma í gærmorgun bjargað úr braki ítalska skemmtiferðaskipsins Costa Concordia, sem strandaði við eyna Giglio undan vesturströnd Ítalíu á föstudagskvöld. Nokkru síðar var ítölskum manni úr áhöfn skipisins bjargað úr brakinu, alvarlega slösuðum á fótum.

Kafarar, sem leituðu í skipinu í gær, fundu lík tveggja eldri karlmanna í þeim hluta þess sem er á kafi. Til samans hafa fimm lík fundist í brakinu, en 15 manns var enn saknað í gærkvöld.

Sjónarvottar segja að skipstjórinn Francesco Schettino hafi eytt lungunum af föstudagskvöldinu á barnum í félagsskap konu. Þá hafi hann verið meðal þeirra fyrstu sem yfirgáfu skipið eftir að það strandaði.

Sjálfur segist skipstjórinn, sem nú situr í gæsluvarðhaldi, hafa verið síðastur frá borði. Hann segir að klettarnir sem skipið strandaði á hafi ekki verið merktir inn á sjókortid sem siglt var eftir.

Margir farþeganna sem lifðu slysið af líktu reynslu sinni við senu úr bíómyndinni Titanic. Þeir hafi verið að snæða kvöldmat þegar mikið högg kom



SKIPBROTSMENN Kaldir og hraktir farþegar stíga á land eftir að hafa verið bjargað úr sökkvandi skemmtiferðaskipinu Costa Concordia á föstudagskvöld.

á skipið. Vatn hafi þá tekið að flæða inn og skipið fljótt farið að halla. Mikill ótti hafi gripid um sig meðal farþega en litlar leiðbeiningar hafi fengist frá áhöfn um hvernig ætti að yfirgefa skipið.

Um 4.200 manns voru um borð í skemmtiferðaskipinu.

BRIDS SKÓLINN



Byrjendur ... 23. janúar ... 8 mánudagar frá 20-23

Framhald ... 25. janúar ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Byrjendur:** Á námskeiðinu fyrir byrjendur er farið vel yfir leikreglur og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Byrjað alveg frá grunni og hægt að mæta ein/einn.
- **Framhald:** Á framhaldsnámskeiðinu er Standard-kerfið skoðað í meiri smáatriðum og tæknin slípuð í úrspili og vörn. Ekki nauðsynlegt að koma með makker.
- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík.
- Sjá nánar á bridge.is undir "fræðsla".

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.

Íslandsbanki og Byr
sameinast um að gera
góða þjónustu enn betri



Nú stendur yfir sameining útibúa Íslandsbanka og Byrs. Sameiningin verður gerð á næstu vikum eins og hér segir.

Staður	Dags.	Sameining útibúa
Reykjanesbær	16. janúar	Útibú Byrs sameinast útibúi Íslandsbanka við Hafnargötu 91
Kópavogur	23. janúar	Útibú Byrs við Digranesveg 1 verður Íslandsbanki
Kópavogur	23. janúar	Afgreiðsla Íslandsbanka í Hamraborg sameinast útibúi Íslandsbanka í Þarabakka 3
Árbær	30. janúar	Útibú Byrs að Hraunbæ 119 verður Íslandsbanki
Akureyri*	6. febrúar	Útibú Íslandsbanka sameinast útibúi Byrs í Skipagötu 9
Hafnarfjörður	13. febrúar	Útibú Íslandsbanka sameinast útibúi Byrs í Strandgötu 8-10
Borgartún	20. febrúar	Útibú Byrs sameinast útibúi Íslandsbanka á Kirkjusandi

GENGIÐ 13.01.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,28	124,88
Sterlingspund	190,43	191,35
Evra	158,73	159,61
Dönsk króna	21,342	21,466
Norsk króna	20,629	20,751
Svænsk króna	17,897	18,001
Japanskt jen	1,6187	1,6281

SDR 189,81 190,95

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,1822

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Góðir gestir á HönnunarMars: Iittala og Artek boða komu sína

HÖNNUN Finnsku stórfyrirtækin Iittala og Artek hafa boðað komu sína á kaupstefnuna HönnunarMars í ár. Þetta kemur fram á vefsíðu Hönnunarmiðstöðvar.

Fyrirtækin tvö taka þátt í kaupstefnunni DesignMatch þar sem íslenskir hönnuðir mæta kaupendum, framleiðendum og endurselgjendum á Norðurlöndunum.

Kaupstefnan er nú haldin í þriðja sinn en undanfarin tvö ár hefur fjöldi íslenskra hönnuða kynnt hönnun sína fyrir norrænum fyrirtækjum. Vörur íslenskra hönnuða hafa jafnframt komist í dreifingu og framleiðslu norrænu fyrirtækjanna í kjölfarið.

Hermenn sem vanvirtu lík: Kennsl borin á mennina fjóra

BANDARÍKIN Bandaríski herinn hefur borið kennsl á hermennina fjóra sem sjást á myndbandi kasta vatni yfir lík fallinna Afgana. Myndbandið, sem birt var á Youtube í síðustu viku, vakti mikla reiði og hneykslan. Á myndbandinu heyrist einn hermanna segja: „Ég vona að þú eigir góðan dag, félagi.“

Tveir hermanna hafa þegar verið yfirheyrðir af bandarísku herlöggreglunni. Þá hefur bandaríski sjóherinn tilnefnt hershöfðingja til að ákveða til hvaða aðgerða skal gripið innan hersins í framhaldinu.

DÓMSMÁL

Ræktandi á skilorð

Karlamður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að rækta 67 kannabispöntur, auk þess sem hann var með tæp þrettán grömm af maríjúana í fórum sínum. Hann játaði brot sitt greiðlega fyrir dómi.

Hamid Karzai, forseti Afganistan, lofar aðgerðum gegn ofbeldi í garð kvenna og stúlkna í landinu:

Stúlka sætti pyntingum mánuðum saman

AFGANISTAN Í kjölfar máls þar sem 15 ára stúlka sætti pyntingum mánuðum saman af hálfu eiginmanns síns og fjölskyldu hans hefur Hamid Karzai, forseti Afganistan, lofað aðgerðum gegn „aumingjahætti“ þeirra sem beita konur ofbeldi.

Forsetinn lét ummælin falla eftir heimsókn sendinefndar afganskra kvennasamtaka sem hafa látið sig mál stúlkunnar varða.

Stúlkan, sem heitir Sahar Gul, var brennd og barin og rifnar neglur af fingrum hennar, eftir að hún setti sig upp á móti því að selja sig til að afla eiginmanni sínu fjár.

Stúlkunni var bjargað í síðasta mánuði úr kjallara heimilis eiginmanns hennar þar sem hún hafði verið læst inni á klósetti í sex mánuði.

Tengdaforeldrar stúlkunnar og mágkona voru handtekin á staðnum, en eiginmaðurinn er eftirlýstur.

Mál Sahar Gul hefur vakið nokkra athygli í landinu og kröfur um að banna hjónaband manna og barnunga stúlkna hafa aukist. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum mega stúlkur ganga í hjónaband 16 ára í landinu, en talið er að helmingur allra stúlkna sem píndar eru í hjónaband séu undir 15 ára aldri.


SJÚKRALEGA Sahar Gul, 15 ára afgönsk stúlka sem bjargað var frá eiginmanni sínum eftir hálfis árs innilokun og pyntingar.

NORDICPHOTOS/AFP




Orkunotkun og kostnaður við húshitun


Hítakostnaður haustið 2011 í krónum á kílóvattstund



HEIMILD: ORKUSTOFNUN



Raforkunotkun



Dýrara að hita húsin með rafmagni en olíu

Hækkandi raforkuverð gerir það að verkum að nú er dýrara að hita hús í dreifbýli með rafmagni en olíu. Ríkið niðurgreiðir olíuna mun meira en rafmagn.

ORKUMÁL Kostnaður íbúa í dreifbýli sem þurfa að hita hús sín með rafmagni er orðinn meiri en kostnaður þeirra sem hita með olíu, samkvæmt samantekt Orkustofnunar. Íbúar í dreifbýli sem nota rafmagn til húshitunar borguðu um 8,4 krónur fyrir hverja kílóvattstund, en þeir sem hita með olíu greiða tæplega 7,7 krónur fyrir sama orkumagn. Íbúar í þéttbýli sem kynda með rafmagni greiða þó enn örlítið lægri upphæð, um 7,1 krónu á kílóvattstund.

Til samanburðar greiða íbúar höfuðborgarsvæðisins um þrjár krónur á kílóvattstund fyrir að hita hús sín með hitaveitu.

Ríkið niðurgreiðir bæði raforku til húshitunar og olíu til húshitunar. Olíuhitunin er niðurgreidd um 7,1 krónu á kílóvattstund en rafmagnshitun um 2,9 krónur í þéttbýli en 3,4 krónur í dreifbýli.

Litlar breytingar hafa orðið á raforkunotkun milli ára. Áliðnaður notar sem fyrr nærri þrjá fjórðu hluta þeirrar raforku sem fram-

leidd er hér á landi, og annar iðnaður um ellefu prósent til viðbótar. Heimilin nota um fimm prósent þeirrar raforku sem framleidd er.

Nærri helmingur þess jarðhita sem hér er unninn nýttist til húshitunar, en nærri 40 prósent eru notuð til raforkuvinnslu. Um fjögur prósent fara í að halda sundlaugum landsmanna við þægilegt hitastig, og sama hlutfall í snjóbræðslu hvers konar, að því er fram kemur í samantekt Orkustofnunar.

brjann@frettabladid.is



MÓTMÆLI Að minnsta kosti níu voru sárir eftir mótmæli í Búkarest í gær.

Mótmælaalda í Rúmeníu: Köstuðu grjóti í óeirðalögreglu

RÚMENÍA Að minnsta kosti níu manns slösuðust í mótmælum í Búkarest, höfuðborg Rúmeníu, í gær. Þetta var þriðji dagurinn í ríkis-stjórnarinnar var mótmælt á götum úti.

Mótmælendur köstuðu grjóti í óeirðalögreglu, sem beitti táragsi á móti og handtók í það minnsta 30 mótmælendur.

Mótmælin hófust á fimmtudag í kjölfar þess að Raed Arafat, vinsæll og hátt settur starfsmaður heilbrigðisráðuneytisins, sagði starfi sínu lausu til að mótmæla niðurskurði. Þau hafa síðan snúist upp í allsherjar mótmæli gegn ríkisstjórn landsins.

Kona á þrítugsaldri ákærð:

Helti bensíni í sófa og kveikti í

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir að hella bensíni í sófa og kveikja síðan í honum.

Atvikið átti sér stað í janúar á síðasta ári. Konan er ákærð fyrir að hafa með íkveikju valdið eldsvöða sem hafði í för með sér almannahættu. Eldurinn magnaðist upp í sófanum og læsti sig í viðarklæðningu, í gólfefni og í sjónvarpstæki með þeim afleiðingum að mikill hiti, sót og reykur barst um íbúðina og olli skemmdum.

www.optima.is

Sjóðsvélar

Optima kynnrir

SAM4S sjóðsvélar

Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun.

Kynningarverð kr. 43.990.-

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	14°
Basel	4°
Berlín	3°
Billund	5°
Frankfurt	2°
Friedrichshafen	1°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	20°
London	6°
Mallorca	15°
New York	4°
Orlando	22°
Ósló	0°
París	5°
San Francisco	9°
Stokkholmur	1°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegis.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

VINDASAMT Horfur eru á stífri SA-átt víða við S-ströndina í dag. Á morgun snýst vindur í hæga NV-átt en það hversir við SA-ströndina á ný er líður á daginn. Á miðvikudaginn lítur út fyrir allhvasan vind eða hvassviðri við S- og A-ströndina. Kólnar á morgun.


Á MORGUN 5-10 m/s N-til, 10-18 m/s SA-til.

MÍÐVIKUDAGUR Hvasst við S- og A-ströndina.

3 til 5 náttur

Borgarferðir

með VITA í vor



DUBLIN

ÍRLANDI

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjórtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

Verð frá **78.860 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

Netverð á mann:

Tvibýli á hótél Camden Court í 3 nætur 19. apríl.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 88.860 kr.

5. - 9. apríl
4 nætur
Páskaferð

19. - 22. apríl
3 nætur



RIGA

LETTLANDI

Falleg borg með steinlögðum strætum og merktum byggingum frá fyrri öldum. Saga, menning, góðir veitingastaðir og fyrirtaksverslanir.

Verð frá **74.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

Netverð á mann:

Tvibýli á hótél Albert í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 84.900 kr.

3. - 6. maí
3 nætur



LISSABON

PORTÚGÁL

Lissabon er heillandi borg. Dýrlegar gamlar götur, víðfræg menningarsöfn, frábær hönnunarsöfn og verslanir, mannlífsblanda, götuveitingahús og lifandi næturlíf.

Verð frá **98.428 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

Netverð á mann:

Tvibýli á hótél Marriott í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 108.428 kr.

4 sæti
laus!

19. - 22. apríl
3 nætur



EDINBORG

SKOTLANDI

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri. Heillandi borgarstæði, fallegar byggingar og tignarlegur Edinborgarkastalinn eru stolt borgarbúa.

Verð frá **102.200 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

Netverð á mann:

Tvibýli á hótél Mercure Edinburgh City (áður Mount Royal) í 5 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 112.600 kr.

26. apríl - 1. maí
5 nætur



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



vita

VITA er lífið

KJÖRKASSINN



Fórst þú í utanlandsferð á síðasta ári?

JÁ	51,9%
NEI	48,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Munt þú forðast viðskipti við matvælaframtækni sem notað hafa iðnaðarsalt í matvörur?

Segðu þína skoðun á vísir.is

visir

6

Formaður Neytendasamtakanna ósáttur við að Ölgerðin hafi fengið leyfi til að selja iðnaðarsalt áfram: Segir eftirlitið hafa brugðist í saltmálinu

STJÓRNSÝSLA Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir matvælaeftirlit hafa brugðist vegna sölu Ölgerðarinnar á iðnaðarsalti til matvælaframleiðslu.

„Ég hef aldrei farið í launkofa með þá skoðum mína að það þarf að herða eftirlit í landinu. Um leið þarf einnig að herða kröfur um vinnubrögð í framleiðslu því að þar gerast brotin,“ segir Jóhannes.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gagnrýnir einnig þá ákvörðun Matvælastofnunar að hafa heimilað Ölgerðinni að selja afgangsbirgðir af iðnaðarsalti eftir að upp komst um málið.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

JÓHANNES GUNNARSSON

Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, segir að ábyrgðin liggja fyrst og fremst hjá innflytjanda og framleiðendum sem nota vöruna.

„En þar með er ekki sagt að eftirlitsaðilar hafi ekki mátt standa sig betur.“

Jón Gíslason, forstjóri MAST, segir í samtali við Fréttablaðið að þegar málið kom upp hafi Ölgerðin spurt hvort selja mætti þær birgðir sem eftir voru. „Við gerðum ekki



athugasemd við það, svo framarlega að kaupendur yrðu upplýstir um málið. Við vorum ekki með neinar upplýsingar um að varan væri skaðleg heilsu manna. Varan hefur svo verið hér á markaði til fjölda ára og það var spurning hvort þessi eina vika breytti nokkru.“

SALT Engar upplýsingar eru um að hættulegt sé að nota iðnaðarsalt í matargerð.



FROSKTEGUNDIN Eins og sjá má komast fleiri en einn frostur fyrir á bandarískri tíu senta mynt sem er 18 millimetrar að þvermáli.

AFP/NORDICPHOTOS

Ný frosktegund uppgötvuð:

Uppgötvuðu örlítið hryggdýr

NÁTTÚRA Bandarískir vísindamenn hafa uppgötvuð nýja frosktegund í frumskógi á Papúa Nýju Gíneu. Frosktegundin nefnist Paedophryne amauensis og er sú minnsta sem sést hefur. Raunar er þetta minnsta hryggdýr sem fundist hefur.

Fullþroska eru froskarnir einungis 7 millimetrar að lengd en til samanburðar er þvermál einnir á krónu myntar 22 millimetrar.

Þá fundu vísindamennirnir aðra nokkuð stærri tegund sem virðist náskyld hinni fyrri.

- mþl

Skólayfirvöld í Svíþjóð:

Andlitsblæjur eru leyfilegar

SVÍÞJÓÐ Nemendum í Svíþjóð verður aðeins í undantekningarfallum bannað að ganga með blæju sem hylur andlitið í skólum. Svo hljóða nýjar reglur sænskra fræðslufirvalda.

Mögulegt verður að banna blæjur við tilraunir á rannsóknastofum þar sem hættu getur stafað af. Einnig þegar blæjan þykir torvelda samskipti kennara og nemenda.

Almennt bann við blæju fyrir andlitinu verður ekki vegna trúfrelsis og réttar nemenda til að ákveða sjálfir hvernig þeir klæðast.

- ibs

Atvinnulífið áfram hlynnt upptöku evru

Samtök atvinnulífsins í Danmörku hafa ekki skipt um skoðun á upptöku evru og telja áfram að Danir ættu að taka hana upp. Aukinn stuðningur er við tengingu dönsku krónunnar við evruna og ekki áformað að skera á tengslin.

KAUPMANNAHÖFN, FRÉTTABLAÐIÐ

Samtök atvinnulífsins í Danmörku (Dansk Industri) eru enn þeirrar skoðunar að upptaka evrunnar væri í þágu hagsmuna dansks efnahagslífs, þrátt fyrir umrót íð á evrusvæðinu. Þetta segir Karsten Dybvad, framkvæmdastjóri samtakanna.

„Við höfum ekki skipt um skoðun,“ svaraði Dybvad þegar Fréttablaðið spurði hann hvort Dansk Industri talaði enn fyrir upptöku evru. „Í skoðanakönnunum sjáum við að forystumönnum fyrirtækja sem vilja taka upp evru hefur fækkað frá því sem var, en um leið sjáum við aukinn stuðning við tengingu dönsku krónunnar við evruna.“

Dybvad segist telja að mikil andstaða við upptöku evrunnar í Danmörku samkvæmt skoðanakönnunum sé vegna þeirrar óvissu, sem ríki á evrusvæðinu. „Ef maður styngr upp á því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um evruna á morgun, myndi fólk sennilega segja manni að bíða hægur og sjá hvernig mál þróast. En við styðjum áfram upptöku evru.“

Gengi dönsku krónunnar er fest við evruna. Dybvad segir að það fyrirkomulag hafi gagnast Danmörku vel, aukið trú fjármálamarkaða á dönsku efnahagslífi og stuðlað að lágu vöxtum. Engar hugmyndir séu uppi um að afnema þá tengingu og leyfa gengi krónunnar að sveiflast.

Per Callesen, seðlabankastjóri Danmerkur, segir að tengingin við evruna hafi tryggt aukinn stöðugleika í dönsku efnahagslífi.



JÁKVÆÐ TENGING Carsten Dybvad segir að tenging dönsku krónunnar við evruna hafi reynt vel og engin áform séu uppi um að afnema hana.

MYND/DANSK INDUSTRI

„Ef maður styngr upp á því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um evruna á morgun, myndi fólk sennilega segja manni að bíða hægur og sjá hvernig mál þróast.“

KARSTEN DYBVAD
FRAMKVÆMDASTJÓRI DANSK INDUSTRI

Ókostirnir við að nota ekki evruna sjálfa séu hins vegar að seðlabankinn geti neyðt til að halda vöxtum hærrí en á evrusvæðinu til að verja gjaldmiðilinn. Undanfarið hafi vextir í Danmörku þó verið lægri en í Þýskalandi, sem líklega sé tímabundið. Þá hafi fyrirkomulagið í för með sér að

Danmörk geti ekki tekið þátt í ákvörðunum sem tengist evrunni.

Danska ríkisstjórnin hyggst taka á sig nýjar skuldbindingar í ríkisfjármálum sem er að finna í drögum að ríkisfjármálasáttmála 26 Evrópusambandsríkja. Torben M. Andersen, prófessor í hagfræði við Árósháskóla, segir að ábyrg ríkisfjármálastefna sé nauðsynleg til að styðja trúverðugleika fastgengisstefnunnar, sem Danmörk fylgir gagnvart evrunni og koma þannig í veg fyrir spákaupmennsku með krónuna.

„Lexían sem við höfum lært og stefnan sem við höfum fylgt síðan á nýnda áratugnum er að ríkisfjármálastefnan er bakhjarl trúverðugleika fastgengisstefnunnar,“ sagði Andersen á fundi með blaðamönnum í Kaupmannahöfn í síðustu viku. olafur@frettabladid.is

Evrópsk neytendakönnun: Íslenskar vefsíður þróaðar

VIÐSKIPTI Vefsíður íslenskra fjármálafyrirtækja komu vel út úr könnun sem Framkvæmdastjórn ESB framkvæmdi á vefsíðum 562 fjármálafyrirtækja í Evrópu. Voru alls tíu íslenskar vefsíður skoðaðar og var ekki gerð athugasemd við nokkra þeirra.

Könnunin náði til allra 27 aðildarríkja ESB auk Íslands og Noregs. Markmiðið var að komast að því hvort neytendur hefðu aðgang að upplýsingum sem skulu vera aðgengilegar samkvæmt neytendalöggjöf ESB. Einungis 30 prósent vefsíðna voru alfarið í samræmi við reglur.

- mþl

Samræmdar fréttir úr kerfinu: Skerðir borgin tjáningarfrelsi?

REYKJAVÍKURBORG Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna hafa óskað eftir upplýsingum um skilaboð embættismanna til starfsmanna velferðarsviðs um að þeir mættu ekki svara fyrirspurnum fjölmiðla.

„Óskað er upplýsinga um þau skilaboð sem starfsmenn velferðarsviðs fengu í þessu tilviki, auk svara við því hvers vegna slík skilaboð eru ítrekað send út þrátt fyrir að umboðsmaður Alþingis sé þegar að skoða hvort tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna eða möguleiki forstöðumanna á að veita upplýsingar um starfsemi sína sé skert með slíkum ákvörðunum,“ segir í bókun fulltrúa minnihlutans.

- gar

LÖGREGLUFRETTIR

Skemmdarverk í skóla

Brotist var inn í Garðaskóla í Garðabæ í gærmorgun. Skemmdir voru nokkrar en engu stolið að sögn lögreglu.

Leiðtogar SP og arabaríkjanna þrýsta á Sýrlandsforseta að stöðva átök í landinu.

Leið kúgunar er blindgata

BEIRÚT, AP Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hvetur Bashar al-Assad Sýrlandsforseta til að hætta að „drepa fólk sitt“. Í ræðu á ráðstefnu um lýðræði í arabaríkjunum sem haldin var í Beirút í gær sagði hann: „Láttu af ofbeldi og hættu að drepa þína eigin þegna. Leið kúgunar er blindgata.“

Sheik Hamad, emír af Katar, sagði í viðtali við 60 mínútur á CBS í gær að arabaríkin þyrftu að senda eigið herlið inn í Sýrland til að stöðva drápin.

Þúsundir hafa fallið í átökum stjórnsvalda í Sýrlandi og mótmælenda undanfarið ár. Átökin hafa magnast síðustu mánuði með hernaðaraðgerðum stjórnsvalda gegn mótmælendum.

Yfirvöld í Sýrlandi samþykktu í síðasta mánuði áætlun Arababandalagsins að stöðva herferðina og draga skriðdreka og þungavopn út úr borgum, sleppa pólitískum



MÓTMÆLI Þúsundir manna hafa fallið í átökum í Sýrlandi síðustu misseri. Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna segja 400 manns hafa fallið síðastliðnar þrjár vikur.

NORDICPHOTOS/AFP

föngum og hleypa fréttamönnum og starfsmönnum mannréttindasamtaka inn í landið. Um 200 útsendarar Arababandalagsins eru í Sýrlandi til að fylgja með því að staðið sé við þá samþykkt.

Fréttir herma þó að vera útsend-

aranna í landinu hafi ekki stöðvað blóðsúthellingarnar. Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna segja 400 manns hafa verið dreptir síðastliðnar þrjár vikur og að yfir 5.000 manns hafi verið dreptir síðan í mars í fyrra.

- rat

www.ms.is



Fjörmjólk

Með D-vítamíni sem hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkinni. Meira fjör með Fjörmjólk!

Nú í nýjum umbúðum með skrúftappa

Í FLOTTU FORMI Á NÝJU ÁRI!



HYDOXYCUT
Eykur brennslu, minnkar matarlyst og gefur orku í dagsins önn.



GOTT VERÐ
4.999 kr/pk

HYDOXYCUT HARDCORE
er eitt sterkasta brennsluæfni í heiminum í dag. Margfaldar fitubrennslu, minnkar matarlyst og gefur orku. 250 mg af koffeini í einum skammti.



TILBOÐ
8.999 kr/stk
fullt verð 9.999.-

MAXX KREATÍN
Kreatín gefur sprengikraft, styrk og byggir upp vöðva.



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa

MAXX GLÚTAMÍN
Glútamín verndar vöðvana gegn niðurbroti við æfingar.



WHEY MAXX
Hreint mysuprótein til að byggja upp vöðva eða brenna fitu.



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa

HEILSUBRAUÐ



TILBOÐ
289 kr/stk
fullt verð 399.-

NUTRAMINO ICE TEA
Brensludrykkur sem virkar. Mjög vatnslosandi, sykurlaus, grænt te, andoxunarefni, 75mg koffín. Mjög bragðgóður og svalandi.



TILBOÐ
6 fyrir **5**

MYOPLEX MÁLTÍÐARBREY
Bragðgóður máltíðardrykkur sem hentar vel eftir æfingu. Inniheldur góða samsetningu próteina, kolvetna, fitu, trefja og annarra næringarefna sem aðstoða við vöðvauppbyggingu og orkuhleðslu líkamans.



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa

NOW PRÓTEIN
Próteinblöndur í hæstu mögulegum gæðum og líkt og aðrar Now vörur eru próteinin: án apartams, án súkralósa, sætt með stevía, án litarefna, án uppfylliefna, án glútens, án soja, án gers, án sykurs og án rotvarnarefna.



VITABIOTICS VÍTAMÍN
Margverðlaunuð og mest seldu vítamín í Bretlandi. Öll nauðsynleg vítamín í einni töflu



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa

COQ10
Spilar mikilvægt hlutverk í orkuframleiðslu líkamans.




TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa



NÝTT
OMEGA3 DHA

NÝTT
VITABIOTICS
VÍTAMÍN



GOTT VERÐ
2.499 kr/stk

SOLLA KYNNIR
Í DAG kl. 16-18
Í GARÐABÆ

CHIAFRÆ
Auðug af omega-3. Þau eru trefjarík - gott að nota þau í grauta og hráfæði.



Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1. Hver verður nýr framkvæmdastjóri Útón?
2. Hvað heita skurðarbrettin sem hönnuðirnir Fanney Long og Hrafnkell Birgisson kynntu á síðasta ári?
3. Hvað voru konurnar í Íslenska kvinnakórnum í Kaupmannahöfn með á höfði þegar þær sungu á kryningarafmæli drottningar?

SVÖR:

1. Sigrún Baldursson, 2. Guðfríð, 3. Skottshöfnir

Tillaga minnihlutans í bæjarstjórn Hveragerðis um sameiningu við Ölfus var felld í síðustu viku:

Vilja ræða mörk sveitarfélaga við Ölfus

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Þær ástæður sem sjálfstæðismenn leggja fram til stuðnings afstöðu sinni eru haldlaugar og augljóst að einhverjar allt aðrar ástæður liggja að baki,“ bókuðu fulltrúar A-listans í bæjarstjórn Hveragerðis eftir að meirihluti sjálfstæðismanna felldi tillögu þeirra um viðræður við Ölfus um sameiningu sveitarfélaganna.

„Enginn vafi er á því að bæði sveitarfélögin mundu hagnast verulega á sameiningu. Miklir fjármunir mundu sparast í yfirstjórn,“ sagði í greinargerð sem fylgdi tillögu A-listans.

Breytingartillaga sem sjálfstæðismenn lögðu fram og þeir samþykktu gerir hins

vegar ráð fyrir viðræðum við Ölfus um sameiningu um breytt sveitarfélagamörk sem eru á svæðinu ofan við Varmá og upp að fjalli. „Svæðið er afar mikilvægt fyrir Hveragerðisbæ vegna nálægðar þess við byggðina en miðbær Hveragerðis stendur í raun á mörkum sveitarfélaganna,“ bókuðu sjálfstæðismenn og það mundi styrkja svæðið í heild ef mörk sveitarfélaganna tækju mið af raunverulegu þjónustusvæði þeirra.

Bæjarfulltrúar A-listans sögðust furða sig á afstöðu sjálfstæðismanna. „Bæjarfulltrúar A-listans munu því halda áfram að vinna þessu máli framgang þrátt fyrir einstrengingslega afstöðu sjálfstæðismanna,“ sagði í bókun þeirra.



HVERAGERÐI Hluti byggðarinnar við Hveragerði er í raun í sveitarfélaginu Ölfusi og því vill meirihlutinn í bæjarstjórn breyta.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÖL

Húðlæknir er þegar byrjaður: Hsu eykur sérfræðipjónustu

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) hefur samið við Sjúkratryggingar Íslands um aukna þjónustu sérfræðinga.

„Annars vegar er um að ræða þjónustu húðlæknis og öldrunarlæknis, sem ekki hefur verið áður í boði á Suðurlandi. Hins vegar er um að ræða aukna þjónustu barnalæknis,“ segir á vef HSu.

Sérfræðingur í húðlækningum hefur þegar hafið störf og auglýst hefur verið eftir sérfræðingum í öldrunar- og barnalækningum. „Vonir standa til að hægt verði að hefja og styrkja þjónustu í þeim sérgreinum sem fyrst.“

- óká

Skemmdir magna deilur um erfðabreytta ræktun:

Engin hætta á mengun

LANDBÚNAÐUR ORF Líftækni segir í yfirlýsingu að „nákvæmlega engin hætta“ hafi verið á ferðum þegar gróðurhús fyrirtækisins Barra á Egilsstöðum skemmdust í ofsaveðrinu sem gekk yfir Austurland á dögnum. Í gróðurhúsinu er ræktað erfðabreytt bygg, en í yfirlýsingu segir að þó svo að ólíklega hefði viljað til að bygg hefði borist út úr húsinu við óhappið, hefði það engu skipt – enginn möguleiki hafi verið á mengun út í umhverfið.

Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur, sem fjölmörg félög og einstaklingar standa að, höfðu fyrir sent Umhverfisráðuneytinu

bréf vegna óhappsins í Barra og sagt atvikið staðfesta áhyggjur af ræktun erfðabreyttra plantna í gróðurhúsum og að leyfisveitingar til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera byggja á ófullnægjandi öryggis- og áhættumati.

Var þess krafist í bréfinu að Umhverfisstofnun afturkallaði leyfi til ræktunar í Barra.

Í yfirlýsingu ORF er það harmad að umfjöllun um málið hafi verið sett fram á þann hátt að skilja megi að einhver möguleiki hafi verið á mengun umhverfisins. Eins að krafa um afturköllun leyfisins sé fráleit og ekki byggð á rökum.

- shá



TOLLGÆSLAN Tollgæslan að störfum í Leifsstöð með fíkniefnahundinn Nelson, sem hefur reynst ómetanlegur við gæsluna.

Tollgæslan tók tólf kíló af eiturfjóm

Tollgæslan stöðvaði smygl til landsins á ríflega 12,5 kílóum af fíkniefnum, 4.500 stykkjum af LSD og rúmlega 66 þúsund af e-töflum í Leifsstöð á nýliðnu ári. Yngsti smyglarinn var sextán ára.

TOLLGÆSLA Tollgæslan lagði hald á rúmlega 12,5 kíló af fíkniefnum sem reynt var að smygla hingað til lands á síðasta ári í gegnum Leifsstöð. Þar af voru tvær flöskur með amfetamínbasu sem hefðu getað gefið rúmlega 4,6 kíló af amfetamíni hvor, samkvæmt útreikningum. Auk þessa stöðvaði tollgæslan smygl á tæplega 4.500 LSD stykkjum og rúmlega 66 þúsund e-töflum í Leifsstöð, samkvæmt tölum sem teknar hafa verið saman fyrir Fréttablaðið.

Ef litið er á þjóðerni þessara 28 smyglara sem teknir voru í Leifsstöð á nýliðnu ári var þar um að ræða fimmtán Íslendinga, tvo Litháa, tvo Pólverja, fjóra Dani, tvo Frakka og einn frá Ítalíu, Grænlandi og Þýskalandi.

Af þessum 28 manna hópi voru tuttugu og einn karlmaður og sjö konur. Sá yngsti sem tollgæslan stöðvaði var danskur piltur, aðeins sextán ára, og sá elsti 52 ára karlmaður. Pilturinn hafði komið frá Kaupmannahöfn og dvaldi í Reykjavík. Hann var á leiðinni héðan til Grænlands þegar hann var stöðvaður með tæp 200 grömm af hassi. Annar piltur, sautján ára Íslendingur, var einnig tekinn með 36 þúsund e-töflum.

Langflestir smyglaranna voru að koma frá Kaupmannahöfn eða þrettán. Aðrir komu frá London, Amsterdam, Las Palmas á Kanarijeyjum, París og Frankfurt.

„Þetta er svipuð mynd og við höfum verið að sjá í gegnum árin,“ segir Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður. „Þarna er öll flóran, konur og karlar á öllum aldri. Við höfum verið að taka fólk um sjötugt og alveg niður í sextán ára.“

Haldlögð fíkniefni á síðasta ári

	LSD, stk.	4.472
	E-töflur, stk.	66.229
	E-duft, gr	144,68
	Hass, gr	686,31
	Amfetamín, gr	245,82
	Kókaín, gr	2.183,11
	Amfetamín, smyglað í rauð- og hvítvinsflöskum.	1.570 ml.*

* Úr vökvæmum í rauð- og hvítvinsflöskunum væri hægt að gera í hæsta lagi 4.655 gr af efni sem væri 5,8% af styrkleika úr hvorri flösku um sig.

Kári segir hins vegar að breytingar hafi orðið á magni tegunda fíkniefna, sem reynt hefur verið að smygla til landsins í gegnum Leifsstöð.

„Það er mjög lítið tekið af hassi nú orðið. Ástæðuna teljum við vera þá að framleiðslan hafi færst inn í landið. Þá er deginum ljósara að einhver hluti af framleiðslu amfetamíns fer fram hér á landi. Við sjáum það á amfetamínbasu sem reynt hefur verið að smygla hingað inn til þess að fullvinna hér.“

Kári segir að smyglararnir reyni stöðugt að finna nýjar leiðir til að koma fíkniefnum til landsins, meðal annars með sérútbúnum tóskum.

jss@frettabladid.is



TIL LEIGU

FRÁBÆRT VERSLUNARHÚSNÆÐI EINSTÖK STAÐSETNING

Til leigu er verslunarhúsnæði á 2 hæðum að **Hallarmúla 2**, samtals um 1.500 fm. Húsnæðið er tilbúið undir verslunarrekstur. Næg bílastæði.

Nánari upplýsingar gefur Örn V. Kjartansson,

orn@m3.is, gsm 825 9000.



FASTEIGNARÁDGGJÖF
LEIGUMÍÐLUN

Skráðu þig á póstlistann á www.promennt.is og þú gætir unnið 100.000 kr. námskeið að eigin vali

NÁMSKEIÐ VOR 2012

Bókhalds- og skrifstofunám

■ Skrifstofunám

Viðamikil og hagnýtt nám fyrir fólk á öllum aldri. Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði með eftirsótttri menntun og færni. Að loknu náminu eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritara og við bókhald. Kennir er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni.

Tölvugreinar: Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

Viðskiptagreinar: Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

Persónuleg færni: Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf, íslensk og ensk. Sölugætt og markaðsmál.

Hefst 8. feb. Morgun- og kvöldhópar með möguleika á að skipta á milli eftir því sem hentar hverjum og einum.
Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-

■ Tölvu- og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri.

Hefst 8. feb. Morgun- og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir því sem hentar hverjum og einum.
Lengd: 200 std. (10 einingar) Verð kr. 169.000,-

■ Stök námskeið

Bókhald 1 Lengd 115 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 14. mars

Bókhald 2 Lengd 90 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 21. feb.

Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)
Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,-

Tollskýrslugerð Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

Almenn tölvunámskeið

■ Almenn tölvunám

Windows – Word – Excel – Internet – Outlook

Lengd 60 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 8. feb. morgun- og kvöldhópar

Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Word	11. feb	21 std.	29.900 kr.
Excel	22. feb	21 std.	29.900 kr.
Excel frh.	20. feb	14 std.	29.900 kr.
Outlook 2010	2. mars	10 std.	15.000 kr.
PowerPoint	7. mars	10 std.	15.000 kr.

Vefur, grafík og myndvinnsla

■ Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag

- Photoshop
- Illustrator
- InDesign



Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF) og hanna auglýsingar fyrir dagblöð, tímarit og bæklinga.

Kennt á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18:00-21:30 + laugardaga kl. 9-12:30

Lengd: 105 std. Verð: 139.000 kr. Hefst 7. feb.

■ Myndbanda- og tæknibrellugerð

Skemmtilegt og gagnlegt nám fyrir þá sem vilja læra eftirvinnslu og klippingar myndbanda ásamt hönnun og gerð tæknibrella. Einnig eru tekin fyrir grunnatriði hreyfimyndagerðar. Unnið verður í Photoshop, Premiere Pro og After Effects.

Lengd: 100 std. Verð kr. 119.000,- Hefst 9. feb.

■ Vefsíðugerð 1

Photoshop og Dreamweaver.

Lengd 47 std. Verð kr. 59.900,- Hefst 8. feb.

■ Vefsíðugerð 2

Dreamweaver - Flash frh. - HTML og CSS

Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 12. mars

Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Photoshop	8. feb	21 std	29.900,-
Dreamweaver grunnur	22. feb	26 std	29.900,-
Dreamweaver frh.	26. mar	21 std	27.000,-
Flash	12. mar	21 std	27.000,-
Illustrator	23. feb	31 std	49.000,-
InDesign	15. mar	31 std	49.000,-
WordPress – Vefurinn minn	15. feb	26 std	32.000,-
Stafrænar myndavélar & Picasa	15. feb	16 std	19.900,-



GEYMIÐ
AUGLÝS-
INGUNA

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

Aðstoð AGS við að búa til lagaramma um fjárlagagerð ætti að vera vel þegin:

Aginn festur í sessi

Fréttablaðið sagði frá því um helgina að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) aðstoðaði nú fjármálaráðuneytið við gerð nýrrar rammalöggjafar, sem á að koma meira aga og skipulagi á undirbúning fjárlaga og töku ákvarðana um þau á Alþingi.

Þannig á að taka á ýmiss konar vöntun, glufum og ósamræmi í lagaumhverfinu sem áttu sinn þátt í fjármálalegum óstöðugleika fyrir bankahrun. Fjármálaráðuneytið stefnir að því að leggja

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



drög að nýrri rammalöggjöf fram til kynningar á Alþingi fyrir þinglok í vor.

Meðal þess sem mun breytast, verði farið að tillögum AGS, er að það heyrir sögunni til að málafni einstakra stofnana skjóti upp kollinum á síðustu stundu við fjárlagagerð, eins og algengt

hefur verið til þessa. Í frétt Fréttablaðsins í fyrradag kom fram að eftir breytingu sé stefnt að því að fyrirkomulagið verði þannig að komi í ljós að stofnun skorti fé eftir að búið er að úthluta fé til hennar málaflokks, verði ekki annað í boði en tilfærsla fjármuna sem ætlaðir hafa verið til þess málaflokks, en ekki aukin fjárútlát skattgreiðenda.

Ríki víða um heim, ekki sízt í Evrópu, standa nú í erfiðri glímu við ríkisfjármálin og leitast við að koma á þau betri skikk og aga. Við erum í sömu stöðu og fjölmörg önnur Evrópulönd að því leyti að boginn var spenntur of hátt í ríkisfjármálum á meðan vel gekk í efnahagslífinu. Fyrir vikið var minna svigrúm til að bregðast við þegar dýfan kom og grípa þurfti til sársaukafulls niðurskurðar. Þeirri vinnu er ekki lokið; enn á eftir að skera meira niður til þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum. Skattahækkunar eru komnar umfram sársaukamörk.

Þeir tímar ættu að vera á enda þegar gjaldahlíð fjárlaga hækkar verulega í meðförum Alþingis. Lausungin við meðferð fjárskattgreiðenda hefur verið alltof mikil meðal þingmanna, sem hafa verið veikir fyrir þrýstingi kjördæma og hagsmunahópa.

Reynslan af þeim mistökum sem voru gerð fyrir hrun ætti líka að kenna okkur að hefja ekki leikinn að nýju þegar betur árar í efnahagslífinu. Starfsumhverfi stjórnmalamanna var of þægilegt á meðan skatttekjurnar ultu nánast fyrirhafnarlaust inn í ríkissjóð. Þeir þurftu sjaldan að segja nei. Voru of ginnkeyptir fyrir ræðunni um að ein ríkasta þjóð í heimi hlyti nú að hafa efni á þessum útgjöldunum eða hinum.

Við erum og verðum áfram í hópi ríkustu þjóða heims. En skuldakreppan beggja megin Atlantshafsins kennir okkur að jafnvel ríkustu þjóðir heims hafa ekki efni á hverju sem er. Stjórnmalamenn þurfa að segja nei við mörgum tillögum um aukin útgjöld. Aga og skipulagi við gerð fjárlaga þarf að festa í sessi. Samstarf okkar við AGS hefur stuðlað að því hér á landi. Aðstoð sjóðsins við að setja rammalöggjöf um fjárlagagerðina ætti því að vera vel þegin.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Æfingaplanið

Alþingi tekur til starfa að nýju í dag og eflaust biða landsmenn spennir eftir því sem þar mun bera á góma. Það eru gömul sannindi og ný að ekkert manlegt er þingmönnum óviðkomandi. Það sést best á fyrirspurnum þeirra og þá oftast en ekki þingmanna stjórnarandstöðunnar. Þeir nýta sér gjarnan það form til að koma sér í fjölmöðla. Þannig verður án efa merkilegt að sjá hvað kemur út úr einni af fjölmörgum fyrirspurnum Höskuldur Þórhallssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, en hann spyr ráðherra íþróttamála að því hvernig staðið verði að undirbúningi og þátt-

töku Íslendinga á Ólympíuleikunum í sumar. Það verður fróðlegt að fá lista yfir æfingaplán afreksfólksins.

Úthvöldur

Annars kemur Höskuldur vel undan frí og það eru ekki færri en níu fyrirspurnir hans á dagskrá þingsins í dag. Skyldi engan undra að Höskuldur sé úthvöldur, raunar ættu allir þingmenn að vera það. Þeir hafa nefnilega verið í jólafrí síðan 17. desember. Stóru- eða litlubrandarjól skipta þingmenn nefnilega litlu; þeir þurfa ekki minna en mánaðarfrí yfir hátíðarnar.

Hvað lá á?

Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs, tilkynnti Guðrúnu Pálsdóttur bæjarstjóra á föstudag að henni yrði sagt upp. Þetta mun hafa verið rætt í meirihlutunum, en kom þó nokkrum bæjarfulltrúum á óvart. Þeir töldu að ganga ætti frá öllum lausum endum áður en uppsögnin yrði tilkynnt, svo sem hver yrði ráðinn. Það er umhugsunarefni hví það var ekki gert. Að segja einhverjum upp starfi er gríðarlega mikil ákvörðun og er þeim sem fyrir verður áfall. Því ber að standa eins vel að slíku og hægt er. Það á bæði við um stofnanir sem einka-fyrirtæki. kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Úrval TASKI gólfþvottavéla

TASKI by Diversey

Nýr sölu- og þjónustuaðili á Íslandi

Öflug viðgerða- og varahlutabjónusta

TANDUR

Sími 510 1200 | www.tandur.is

Skattamál




Trygvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður

Í tilefni af tíðum ummælum stjórnarliða, nú seinast ráðherra efnahags-, viðskipta-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmála í grein hér í blaðinu um helgina, um að meirihluti Íslendinga greiði lægri skatta í hlutfalli við laun sín nú árið 2012 en var árið 2009, er rétt að gera einfaldlega samanburð á skattbyrði árána tveggja.

Eins og sést á myndinni greiða allir, sem borga skatta á annað borð, hærri skatta í dag en ef kerfið frá 2009 væri enn við lýði. Þeir sem eru með laun undir 200 þúsundum greiða það sama (miðað við sömu laun). Þeir sem eru með laun á bilinu 200 til 650 þúsund borga 2,9% meira. Þeir sem eru með hærri laun en 650 þúsund borga 8,9% meira af launum sínum.

En hvernig stendur þá á því að fjármálaráðherra og fjölráðherrann staðhæfa að skattbyrði 60% Íslendinga sé léttari í dag en árið 2009? Við þeirri spurningu er einfalt svar: laun flestra Íslendinga hafa lækk-

Samanburður á skattbyrði árána 2012 og 2009



ad umtalsvert á síðustu árum og þar með skattbyrði þeirra. Stjórnvöld hafa heykt á því verkefni að koma atvinnulífinu af stað sem er forsenda framþróunar lífskjara. Ég myndi því ekki hreykja mér hátt af léttari skattbyrði ef ég væri stjórnarliði!

Fúsk & Fyrirlitning hf.

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Maður sér appelsín-flösku og fer ósjálfrátt að brosa vegna þess að fyrirfram tengir maður ljúfar kenndir við Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Sjálfur hugsa ég til afa og ömmu á Bergstaðastræti og jóllanna þegar maður mátti fara niður í kjallara og ná sér í appelsín. Og gamla góða maltið: klassískt, alíslenskt, soldið vont að vísu en eitthvað svo frábært samt, svo íslenskt og yndislega púkö, besta og hollasta öl í öllum heiminum, var manni sagt, því vatnið væri svo gott og mikið af bætiefnum í því.

Mikið af alls konar bætiefnum. Hér eftir tengjum við Ölgerð Egils Skallagrímssonar ekki við malt – heldur salt.

Nógu gott í pakkið

Ætla mátti að Íslendingar væru ætlaðir til iðnaðarframleiðslu. Ætla mátti að íslenskir kaupahéðnar líti á íslenskan almenning eins og stofn til að veida úr sína lyst, land til að ofnyttja, námu til að tæma. Með sem minnstum tilkostnaði hafa þeir af okkur eins mikið fé og mögulegt er og fela það svo í skattaskjólum.

Svokallaður lýtalæknir verður uppvís að því að setja inn í brjóst fullfrískra kvenna billegt

franskt sílfkon sem ætlað er til iðnaðarframleiðslu og ekki er útséð um hvaða afleiðingar hefur. Allir sem að málinu koma strita við að þegja. Áburðarverk-smiðja verður uppvís að of mikið af þungmálum reynist vera í framleiðslunni. Viðbrögðin: susssu-suss! Ölgerð Egils Skallagrímssonar verður uppvís að því að dreifa til matvælaframleiðenda salti sem ætlað er eingöngu til iðnaðarframleiðslu. Þögn. Og svo verður það slys að málið kemst upp og forstjórinn mætir í viðtal og talar um „aulaleg mistök“ – úbbs, við erum nú meiri kjánarnir ha ha ha. Hann reynir að telja okkur trú um að þeir hjá fyrirtækinu hafi aldrei lesið á pakkingarnar þar sem stendur skýrum stöfum að saltið sé til iðnaðarframleiðslu. Það síðasta sem hægt er að viðurkenna er að þetta hafi einfaldlega verið til að græða á því. Ekki má undir nokkrum kringumstæðum viðurkenna að fyrirtækið hafi verið að spara sér fé með því að selja fólki billegri útgáfu af vörinni. Frekar vill maðurinn líta út eins og kjáni. Hann getur ekki viðurkennt að fyrirtækið taldi það ekki frágangssök að selja salt sem ekki er ætlað til manneldis. Hann vill heldur að við trúum því að starfsmenn Ölgerðarinnar séu upp til hópa ólæsir.

Íslenskt matvælaöryggi

Deildarstjóri matvælaeftirlits Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur treystir sér ekki til að votta að mönnum sé óhætt að leggja sér

þetta salt til munnis. Þegar forstjóri Ölgerðarinnar er spurður hverjir hafi keypt þetta af fyrirtækinu yppir hann öxlum og spy á móti: hverjir ekki – og neitar að ansa og er á svipinn eins og maður sem skuldar engum skýringar á sinni meinlausu og mannlegu smávægilegu – en aulalegu – yfirsjón.

Kökurnar. Kryddblöndurnar. Allir tilbúnu örbylgjuréttirnir. Allar unnu kjötvörurnar sem seldar eru uppsprengdu verði í hreinleikans nafni, skinkan, spægipylsan. Majonesið. Kaviarinn. Kæfan, lifrarpylsan, magálinn – já þorramaturinn eins og hann leggur sig er stráður þjóðlegu íslensku iðnaðarsalti, ef að

okkur borða hundamat í tilbúnu réttunum, kannski er hveitið fullt af iðnaðarsílfkoni, lyftiduftið drýgt með sandi ... Hvað veit maður? Jú, þetta eitt: Þeir sem rányrkja hinn íslenska neytendastofn gera það með eins litlum tilkostnaði og mögulegt er.

Aulalegt? Já, eiginlega verður maður nú að taka undir það með forstjóranum. Þetta er fúsk. Þetta er hugsunarháttur sóðans sem hugsar: Þetta getur ekki átt að vera svo naujið, þetta hlýtur að vera nógu gott – það finnur enginn muninn. Þetta er afleiðing langvarandi einokunar í matvælaframleiðslu hér á landi – markvissrar einangrunar í nafni hreinleika og matvælaöryggis – og landlægs hugsunarháttar þess sem vill fara á svig við reglur, stytta sér leið að gróða: þetta er utanvega-akstur, Smuguveiðar, þetta er maðkað mjöl, sem var þá ekkert danskt eftir allt saman heldur alíslenskt og ísköld fyrirlitning á almenningi.

Og nú er svo komið að maður sér appelsín-flösku og hættir ósjálfrátt að brosa.

Ekki má undir neinum kringumstæðum viðurkenna að fyrirtækið hafi verið að spara sér fé með billegri útgáfu af vörinni. Frekar vill maðurinn líta út eins og kjáni.

Takk kærlega. Íslenskt matvælaöryggi felst þá sem sagt í því að við getum nokkurn veginn bókað að iðnaðarsalt er í allri íslenski matvælaframleiðslu. Osturinn sem við kaupum er þá væntanlega (íðulega of)saltaður með þessum fjanda. Líka allt kexið. Og allt brauðið.

Líkum lætur. Og auðvitað bjórinn og allt gosið með þessu rómaða íslenska hreina vatni: fullt af iðnaðarsalti.

Allt. Þökk sé Ölgerðinni og áburðarframleiðendum þar á undan getum við ekki treyst neinum íslenskum mat; kannski láta þeir

Horfinn Silfursjóður!

ÍÞRÓTTIR

Geir Sveinsson
borgarfulltrúi



Öllum er væntanlega enn í fersku minni frábær árangur íslenska landsliðsins í handknattleik á Ólympíuleikumunum í Peking árið 2008. Þar vann íslenska liðið til silfurverðlauna og varð þar með fyrst liða á Íslandi til að vinna til verðlauna í hópíþróttum á Ólympíuleikumunum. Í kjölfar frábærs árangurs og glæsilegrar móttöku tugþúsunda Íslendinga í miðbæ Reykjavíkur á hetjum okkar var stofnaður sjóður á vegum Reykjavíkurborgar sem fékk það sjálfsgöða heiti, Silfursjóður Reykjavíkurborgar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir sem þá var borgarstjóri tilkynnti að framlagið í Silfursjóðinn yrði 20 milljónir króna. Markmiðið með stofnun sjóðsins var að gera ungmennum kleift að kynna handboltaíþróttinni fram að Ólympíuleikumunum í Lundúnum 2012 meðal annars með því að hvetja reykvisk börn til handknattleiksíðkunar og almennrar íþróttaiðkunar. Einnig að miðla hugmyndafræði íslenska karlandsliðsins í handknattleik og styrkja yngri landslið Íslands í sömu grein. Veita átti framlag úr sjóðnum, fimm milljónir króna á ári þangað til og yrði fyrirlíði liðsins, Ólafur Stefánsson, verndari sjóðsins. Íþróttafélög, skólar o.fl. í Reykjavík áttu síðan að geta sótt um fjármagn úr sjóðnum árlega.

Fyrstu tvö árin var veitt fé úr sjóðnum en þegar aðilar tengdir handknattleik hugðust sækja um í sjóðinn þriðja árið af fjórum var hann horfinn! Sjóðurinn hefur verið lagður niður eða réttara sagt sameinaður öðrum tveimur sjóðum, Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar og Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar, í einn

nýjan sjóð: Forvarnasjóð Reykjavíkur.

Drátt fyrir göfug markmið í forvarnamálum Reykjavíkur og eflingu félagsauðs í úthlutunarreglum hins nýstofnaða sjóðs er þar engu að síður ekkert að finna sem samsvarar þeim úthlutunarreglum sem Silfursjóðurinn laut né nokkuð sem gerir sjóðnum kleift að uppfylla þær skyldur sem Silfursjóðurinn hafði.

Hinn nýstofnaði sjóður getur því ekki úthlutað fjármagn til handknattleikshreyfingarinnar enda kom það á daginn að þegar Forvarnasjóðurinn úthlutaði sinni fyrstu úthlutun í lok síðasta árs var öllum umsóknum í sjóðinn tengdum handknattleik hafnað. Merkillegt það.

Enn merkilegra er, að þegar borgarstjóri með erindisbréfi sínu í byrjun árs 2011 skipaði starfshóp sem hafði það hlutverk að yfirfara reglur um forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar var ekkert í því erindisbréfi sem kvað á um að Silfursjóðurinn ætti að vera með. Samt sem áður var tekin sú ákvörðun að sameina Silfursjóðinn, sem í voru tíu milljónir, við tvo forvarnasjóði án nokkurra skýringa né án nokkurs samráðs við handknattleiksforystuna í landinu.

En merkilegast er þó, að ráðstöfunarfé hins nýstofnaða Forvarnasjóðs Reykjavíkur er nákvæmlega tíu milljónir! Tíu milljónir sem eftir voru í Silfursjóðnum, sjóðnum sem í dag er horfinn og var ætlaður til eflingar handknattleiks í kjölfar frábærs árangurs á Ólympíuleikumunum í Peking. Tíu milljónir sem í dag er horfinn handknattleiksíþróttin fær aldrei að njóta eins og til stóð.

Það er með öflkindum hvernig þessi sjóður hefur verið afgreiddur með einu pennastriki af núverandi meirihluta Besta flokks og Samfylkingar. Jón Gnarr og Dagur ættu að vera menn að meiri og standa við þau loforð sem stofnun Silfursjóðsins gaf fyrirheit um.

MÁLÞING UM FLUGMÁL

Flugvellir og flugsamgöngur Tækifæri í skipulags- og atvinnumálum

19. janúar 2012 – Icelandair Hótel Reykjavík Natura

- 13:00 Setning málþings um flugvallarmál 2012
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
- 13:10 Flugsamgöngur á Íslandi
Pétur K. Maack, flugmálastjóri
- 13:35 Niðurstöður úttektar á Reykjavíkflugvelli 2007
Þorgeir Pálsson, prófessor við tækni- og verkfræðideild HR
- 14:00 The Return of the City Centre Airport
Philip Butterworth-Hayes, Editor, PMI-Media
- 14:20 Stockholm Airports Bromma and Arlanda and their Future Roles
Henrik Littorin, Swedavia
- 14:40 – 15:00 Kaffihlé
- 15:00 Framtíðarsýn fyrir flugvelli landsins
Þóroldur Árnason, stjórnarformaður Isavia
- 15:20 Reykjavíkflugvöllur og skipulag höfuðborgarsvæðisins
Ásdís Hliókk Theodórsdóttir, aðjúnkt við tækni- og verkfræðideild HR
- 15:40 Hver er framtíð innanlandsflugsins?
Haraldur Sigþórsson, lektor við tækni- og verkfræðideild HR
- 16:00 Pallborðsumræður um íslenska flugvelli og flugsamgöngur
Jón Gunnarsson, alþingismaður, Birna Lárusdóttir, Ísafirði, Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi, Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco, Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi.
- 17:00 Málþingi um flugmál slitíð
Fundarstjóri: Ingunn Sæmundsdóttir, dósent við tækni- og verkfræðideild HR
Aðgangseyrir: kr. 3.000 (veitingar innifaldar)
Skráning á skraningar@hr.is





38 KATE MOSS fyrirsæta er 38 ára í dag. „Ég hef hitt nánast alla þá sem mig langar til að hitta.“

Merkisatburðir

- 1960** Kona ver doktorsritgerð í fyrsta skiptið á Íslandi við Háskóla Íslands: Selma Jónsdóttir, listfræðingur.
- 1973** Fyrsti stóri skuttogarinn sem Spánverjar smíðuðu fyrir Íslendinga kemur til Reykjavíkur: Bjarni Benediktsson RE 210.
- 1995** Snjóflóð fellur í Súðavík með þeim afleiðingum að fjórtán manns farast.



ÚR RÍKI NÁTTÚRUNNAR Þessir útskornu fuglar eru til sýnis.

Óslóartré fær framhaldslíf

Renndir munir, skálar af ýmsum gerðum, tálgaðar fígúrir, fuglar, brjóstnætur og jólasakraut er meðal þess sem er að finna á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur um þessar mundir. Allir eiga þessir hlutir það sameiginlegt að vera unnir úr Óslóartrénu 2010 af handverksfólki.

Í tilefni alþjóðlegs árs skóga fóru Skógrækt ríkisins og Félag trésmiða í samstarf um „gjörnýtingu“ á einu ákveðnu tré til að sjá með áþreifanlegum hætti

hversu marga og fjölbreytta gripi mætti vinna úr því. Óslóartréð 2010 var valið til verksins en það þótti viðeigandi vegna áratuglanga samstarfs við Norðmenn á sviði skógræktar og þess vináttuvottar sem það tré er.

Alls skiluðu um 20 trérennismiðir og tálgarar inn gripum.

Sýningin mun standa um stund í Ráðhúsinu en verið er að móta framhald verkefnisins og vinnslu á Óslóartrénu 2011.

PETTA GERÐIST: 16. JANÚAR 1947

Hringt til Bandaríkjanna

Á þessum degi árið 1947 var fyrst opnað tal-símasamband milli Íslands og Bandaríkjanna. Þeir sem töluðu fyrstir saman voru Emil Jónsson samgöngumálaráðherra og Thor Thors, sendiherra í Washington.

Talsamband við útlönd á stuttbylgjum var opnað árið 1935 og voru um 250 sam-töl afgreidd fyrsta mánuðinn. Gjaldið fyrir útländasímtal var 33 kr. fyrir þriggja mínútna

símtal sem jafngilti næstum heilu ærverði. Til samanburðar má geta þess að áskrift að dagblaði kostaði á sama tíma 2-3 kr. á mánuði. Nýr sæsímastrengur, Scotice, milli Skotlands og Íslands var tekinn í notkun árið 1962 og olli hann byltingunni í samskiptum Íslendinga og annarra þjóða. Árið 1980 kom jarðstöðin Skyggir til sögunnar. Þá var fyrst hægt að hringja beint til annarra landa.



GLAÐLYNDUR Árni segir ekkert stórkostlegt standa til í dag enda hafi hann og kona hans, Ingibjörg Helgadóttir, haldið upp á sameiginlegt 150 ára afmæli á þrettándanum.

ÁRNI BJÖRNSSON ÞJÓÐHÁTTAFRÆÐINGUR: ER ÁTTRÆÐUR

Vill afhjúpa ýmislegt rugl

Árni Björnsson er þekktur fyrir framlag sitt til þjóðháttafræði Íslendinga en hann starfaði sem forstöðumaður þjóðháttaeildar Þjóðminjasafns Íslands frá 1969 til 2002. Því fór þó fjarri að það hafi verið hans æskudraumur að fara út í nám af þeim toga. Árni er fæddur á Þorbergsstöðum í Dölum. Móðir hans var bóndadóttir þáðan en faðir hans sjómannssonur undan Jökli. „Ég var langyngstur af átta systkinum og ekkert hinna gekk þennan svokallaða menntaveg, enda lítil efni til þess. Faðir minn lést af slysförum þegar ég var sex ára, en eitt af því sem hann náði að segja við elstu systur mína áður en hann gaf upp öndina, var þetta: Látið hann Árna læra.“ Þannig útskýrir Árni af hverju honum var komið í menntaskóla og bætur við að hann hafi sjálfur verið fremur lítils nýtur við þarfleg verð.

„Þegar ég svo hafði lokið stúdentsprófi, leist mér ekkert á að verða prestur, lækni eða sýslumaður eins og venjulegt sveitafólk taldi sjálf-sagðast að menn lærðu til í háskóla. Ég innritaðist því í íslensk fræði af hálfgerðri rælni,“ segir hann. Í náminu fékk hann ritgerðarverkefni sem hét Aldur, uppruni og saga nokkurra íslenskra hátíðanafna. „Þegar ég tók að vinna að ritgerðinni, fór ég að hafa gaman af efninu, ekki síst ýmsu sögulegu í kringum hátíðisdaga. Ég spurði því prófessorinn, Halldór Halldórs-son, hvort ég ætti að taka þau atriði með í ritgerðina,“ segir Árni. Sá sagði nei en benti honum á að slíkt efni gæti hentað í lokaritgerð. „Og það varð úr, að til kandiátsprófs skrifaði ég ritgerð sem hét Jól á Íslandi sem tveim árum seinna kom út í bókarmáli,“ upplýsir Árni en hann hefur í gegnum tíðina skrifað fjölda bóka um íslenskar hátíðir, tyllidaga, siði og þjóðtrú.

Hálfþrítugur starfaði Árni eitt ár sem fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands hjá Alþjóðasambandi stúdent-enta í Prag. „Þar var til dæmis býsna merkilegt að kynast stúdentum frá þriðja heiminum, sem enn voru að berjast fyrir sjálfstæði þjóða sinna í nýlendum Breta, Frakka, Belga og Hollendinga,“ segir Árni. Eftir lok háskólaprófs kenndi hann í fjögur ár við þýska háskólann í Greifswald og síðar í Vestur-Berlín. „Eftir heimkomuna vann ég í nokkur ár á Handritastofnun Íslands auk þess sem ég kenndi íslensku og þýsku við MR,“ segir Árni. Á þessum tíma hafði verið stofnuð þjóðháttaeild við Þjóðminjasafnið og þjóðfræðadeild við Árnastofnun. Þær stöður voru báðar manna-áðar og Árni bjóst ekki við öðru en að verða menntaskólakennari áfram.

Eftir nokkur ár var Kristján Eldjárn þjóðminjavörður kjörinn forseti Íslands, og Þór Magnússon, fyrsti starfsmaður þjóðháttaeildar, tók við embætti þjóðminjavarðar af honum. „Þá lifnaði allt í einu í gömlum glæðum hjá mér og ég sótti um stöðu Þórs og fékk hana. Þar með voru örlög mín ráðin, því eftir það var aðalstarf mitt við Þjóðminjasafnið það sem eftir var starfsævinna,“ lýsir Árni.

Þó að Árni hafi gefið út allnokkrar bækur um eigin fræðasvið hefur hann einnig komið að ýmsu utan síns sérsviðs. Hann átti til dæmis hlut að þremur árbókum Ferðafélags Íslands og árið 2000 gaf hann út bókina Wagner og Völsungar. Árni hefur einnig séð um bæði þjóðfræðapætti og málfræðipætti í útvarpi og tekið þátt í ýmsum sjónvarpsdagskrám gegnum tíðina.

Hann vill þó sjálfur meina að hans merkilegasta verkefni um ævina sé „hin vonlitla viðleitni“ hans til að

afhjúpa „ýmiskonar rugl sem látlaust er haldið að fólki af ýmiskonar gróðapungum, sem ráða yfir flestum fjölmiðlum,“ eins og hann orðar það. „Ég nefni sem dæmi álfaruglið, víkingaruglið, herseturuglið ellegar sú innræting að fjármálaþraskarar eigi einhvern heilagan rétt á margfalt meiri tekjum en venjulegt heiðarlegt vinnandi fólk,“ segir Árni og vill meina að fjölmiðlar hafi snúið öllu á haus. „Þeir hafa lagt saman trú á draumvitranir, fyrirboða, forspár, fjarskyggni, andatrú, álagabletti, líf á öðrum hnöttum, álfa, drauga og skrímsli, og fundið út með þessari samlagningu, að meirihluti Íslendinga sé fullur af hjátrú,“ segir Árni. Hann bendir á að raunin sé hins vegar að hér á landi, líkt og í öðrum löndum, trú um tíu af hundraði á slík hindurvitni. „Þetta orðspor hefur svo orðið ein helsta „túrista-attraction“ ferðapjónustunnar, enda básnað út um allar jarðir,“ segir Árni og ljóstrar um leið upp um þann grun sinn, að svokölluð goðafræði sé að miklum hluta tilbúningur fræðimanna.

Inntur eftir því hvort haldið verði upp á afmælið í dag segir Árni ekkert stórfenglegt standa til. „Því við kona mín, Ingibjörg Helgadóttir, héldum upp á sameiginlegt 150 ára afmæli nú á þrettándanum. Hún átti sjötugsafmæli í lok október. Í því boði var einungis venlafólk, en þar var endurflutt óperan Gunnar og Hallgerður sem við Jökull Jakobsson settum saman fyrir árshátíð MR þegar við vorum í 6. bekk,“ segir Árni sem hefur ávallt nóg fyrir stafni. „Ég er til dæmis að hugsa um að taka saman í bók, ef einhver vill gefa hana út, helstu greinar mínar aðrar en þær sem fjalla um þjóðhætti, auk skemmtisagna af nokkrum kunningjum sínum gegnum tíðina.“

solveig@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa.

Steins Guðmundssonar
Boðapíngi 5, áður Háaleitisbraut 31,

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Boðapíngi 5 fyrir einstaka umhyggju og alúð.

Anna Þorvaldsdóttir

Dóra Steinsdóttir	Páll Guðbergsson
Ásta Steinsdóttir	Jörgen Pétur Guðjónsson
Guðmundur Steinsson	
Þorvaldur Steinsson	Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn	




Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Gunnar G. Bachmann
áður til heimilis að Vesturbergi 132,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 7. janúar s.l. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 18. janúar n.k. klukkan 13.00.

Bára S. Ragnarsdóttir	H. Ágúst Jóhannesson
Ragnheiður Bachmann	Baldvin Hafsteinsson
Sólveig Bachmann	Benjamín Júlíusson
Bryndís Bachmann	
barnabörn og barnabarnabarn	



Sænska hönnunarteymið Claesson Koivisto Rune hefur hannað þennan stól með áföstu borði sem svar við síaukinni fartölvunotkun almennings. Stóllinn er hannaður fyrir ítalska húsgagnaframleiðandann Tacchini.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



Glæsilegar rennibrautir fyrir gler eða timburhurðir.

Útvegum lausnir fyrir skrifstofur og heimili. Glerskírúm, glerveggjakerfi, felliveggjakerfi, glersturtuskírúm og hert eða samlímt gler eftir máli.

Ennfremur ýmsar gerðir af festingum fyrir gler

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

Íslenskur lampi úr rekavið á leið á Stockholm furniture & light fair í febrúar.

Innlend framleiðsla



Dóra Hansen, innanhúsarkitekt og ein af eigendum Eitt A innanhúsarkitektar, hefur hannað lampa úr íslenskum rekavið. Síðastliðið ár hefur hún unnið að þróun lampans í samvinnu við íslenska fyrirtækið

Lighthouse og nú er hann tilbúinn til framleiðslu. Dóra er á leiðinni með lampann á Stockholm furniture & light fair, nú í febrúar en til stendur að markaðssetja lampann á Norðurlöndunum.

„Við ætlum okkur að framleiða hann hér á Íslandi. Það skiptir

mig máli að nýta innlenda framleiðslumöguleika,“ segir Dóra en trésmíðafyrirtækið Við og við sér um viðarsmíðina á lampanum.

„Það er meiningin að smíða

FRAMHALD | 3

JEPPARAFAGEYMAR



Öflugir **TUDOR High Tech** rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Svefn & heilsa



www.svefn.is



20-70%
AFSLÁTTUR
af völdum vörum

Skiptidýnur,
útlitsgallaðar dýnur
og sýningardýnur
Lök, pífur,
hlífðardýnur,
sængurverasett
og fleira

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



Það er vandi að hengja upp myndir fríhendis. Hér er góð aðferð. Klippið út pappírsarkir, jafnstórar myndunum og límið þær á vegginn. Neglið til samræmis við þær og myndirnar ættu að sitja beinar.

Gróska við höfnina

Það verður sífellt líflegra á hafnarbakkannum og á Netagerðin sem er í sama húsi og Forréttabarin sinn þátt í því. Þar eru nokkrir hönnuðir með vinnustofu og verslun.

Netagerðin opnaði á Nýlendugötu 14 í október. Þar er vinnustofa og verslun hönnuða og er starfsemin komin vel af stað. Húsið, sem er gjarnan kennt við verslunina Liborius sem var þar áður, hafði staðið autt um nokkurt skeið en nú er þar heldur betur líflegt um að litast. Forréttabarin er í sama húsi og er töluverður samgangur á milli hans og Netagerðarinnar.

„Fólk getur sest að snæðingi, fengið sér kaffi og skoðað margvíslega íslenska hönnun,“ segir graffíski hönnuðurinn Elísabet Jónsdóttir sem stóð vaktina í Netagerðinni þegar Fréttablaðið tók hana tali. Hún segir staðina styðja hvor við annan.

Að Netagerðinni standa auk Elísabetar Bryndís Bolladóttir textílhönnuður, Sigga Heimis iðnhönnuður, Olga Hrafnadóttir bólstrari, sem starfar með Elísabetu undir nafninu Volki, og arkitektarnir Helga Guðrún Vilmundardóttir og Árný Þórarinsdóttir sem starfa undir nafninu Stáss. Þá leigir Samband Íslenskra listamanna út vinnustofur á efri hæðinni sem eykur enn á lífið í húsinu. Elísabet segir enn fremur von á tónlistarmönnum í húsið. Hún segir viðtökurnar hafa verið afar góðar og að staðurinn eigi sinn þátt í að lifga upp á hafnarbakkann.



Það er orðið líflegt um að litast í Netagerðinni.



Minnispunkta-standur frá Stáss.



Eyrnabönd frá Volka.



Vasar frá Volka.



Tímaritastundur eftir Siggju Heimis.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Gefðu vatn
Hjálparstarf Kirkjunnar
www.hefub.is

7 flíkur fyrir 10 þús.
Byrjar í dag!



rokk og rósi
Laugavegi 17 • Sími 551 5656


metasys®

Ert þú einn af mörgum Íslendingum sem hafa grennt sig með Metasys?

Metasys hefur verið fánlegt hérlendis sl. 6 ár og á stóran aðdáendahóp

Þessi 100% náttúrulega vara er unnin úr kjarna græna telauksins og hefur það reynst fjölmörgum hjálpa við að auka brennslugetu líkamans auk þess að vera mjög orku- og úthaldsaukandi.

Fjölmargir hafa einnig fundið að húð og melting stórbatnar við inntöku Metasys.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á græna telaufinu, sem er ríkt af egcg catechins (endilega googlið), sem er mjög andoxunarríkt og hefur einnig góð áhrif á hjarta- og æðakerfi.


metasys®
Þyngdarstjórnun – orka – úthald – árangur

100%
náttúrulegt

www.metasys.is

Metasys er fánlegt í apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða





Bogi Molby Pétursson lögg.fasteignasali
Finnboði Hilmarsson lögg.fasteignasali
Andri Sigurðsson sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari
Tryggvi Kornelíusson sölufulltrúi
Ásdís Irena Sigurðardóttir skjalagerð

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Eignir óskast!

- Nýleg 3-4ra herbergja miðsvæðis
- Sérbyli í Hafnarfirði í skiptum fyrir 4ra herbergja
- Sérhæð í vesturbæ í skiptum fyrir parhús

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúnir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



heimili
FASTEIGNASALA



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

audur@remax.is

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter



Húsið er á tveimur hæðum, haganlega skipulagt og vel innréttað.

Gott parhús í Salahverfi

Heimili fasteignasala hefur til sölu gott parhús í Salahverfi Kópavogs.

Húsið er á tveimur hæðum og stendur neðan götu og frá því er útsýni. Húsið er skráð 204,3 fermetrar. Íbúðarrými er 180,2 fm og innbyggður bílskúr er 24,1 fm. Byggingarár er 2003. Á suðurhlíð hússins eru 14,4 fm svalir. Afgirtur sólpallur er fyrir ofan húsið. Húsið

er haganlega skipulagt og vel innréttað. Á efri hæð er tvöföld stofa og þrjú til fjögur svefnherbergi á neðri hæð. Gólfefni í húsinu eru parket og flísar en flestar innréttingar eru úr eik. Áhvílandi lán eru möguleg til yfirtöku. Seljandi leitar að minni eign á sama svæði.

Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.
Verðmöt fasteigna.
Þendo.is – 588 1200

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Hjallahlíð - 270 Mosfellsbær



Falleg 4ra herbergja, 94 m² íbúð á jarðhæð með sérinnangi í litlu fjórbyli ásamt 27,7 m² bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Mjög góður staður - stutt er í skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. V. 26,9 m. 10222

Tröllakór 5-7, íbúð 403 - 203 Kópavogur



OPIÐ HÚS

Glæsileg 103,4 m², 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með staði í bílageymslu við Tröllakór 5-7 í Kópavogi. Mjög fallegar innréttingar og gólfefni. Rúmgóðar sólarvalir með útsýni. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 26,9 m. 10221

Opið hús í dag mánudag frá kl. 12:30 til 13:00



Lágholt - 270 Mosfellsbær
179,4 m² einbýlishús á einni hæð við Lágholt í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 179,4 m². Íbúðin 137,3 m² og bílskúrinn 42,1 m². Auk þess er ca. 16 m² sólskáli sem er ekki er skráður í FMR. Fjögur svefnherbergi og búið er að innrétta bílskúrinn sem einstaklingsíbúð. Hagstæð áhvílandi lán. V.39,5 m.



Asparfell 8 - 111 Reykjavík
Mjög falleg 111,6 m², 4-5 herbergja íbúð á annari hæð í lyftuhúsi við Asparfell 8 í Reykjavík. Íbúðin er öll ný standsett! Ný gólfefni eru á allri íbúðinni. Ný eldhúsinrétting og tæki. Baðherbergin voru bæði endumjúð. Íbúðin er nýmálud. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 21,8 m.



Efri Reykir - 270 Mosfellsbær
287,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr við Efri Reyki í Mosfellsbæ. Á efri hæðinni er stór stofa, borðstofa, falllegt eldhús, 3-4 svefnherbergi og baðherbergi. Á neðri hæðinni er sér inngangur, stórt svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi. Við hlíð íbúðarhúss er stór tvöfaldr bílskúr. Húsið sendur hátt í landi með miklu útsýni á 1.872 m² eignarlöð. V. 73,5 m. 10143

Viðjugerði 8 - 108 Reykjavík



Mjög fallegt 290 m² einbýlishús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Viðjugerði 8 í Reykjavík. Neðri hæð: forstofa, hol, tvö rúmgóð svefnherbergi (þrjú á teikningu), salerni, þvottahús og geymsla. 20 m² fullbúinn bílskúr. Efri hæð: 3 herbergi, hjónaherbergi með baðherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Fallegur garður í suðvestur með timburverönd með heitum potti. Eignin er laus til afhendingar strax

Skútvogur 3 - 104 Reykjavík



Um er að ræða samtals 3.752,8 fm atvinnuhúsnæði á besta stað. Húsið skiptist í 2.016,5 m² vörugymslu og skrifstofur, byggt árið 1992 og hinsvegar í 1.736,3 m² vörugymslu og skrifstofur, byggt árið 2000. Eigninni fylgir hillukerfi á lager, kælikerfi og fullbúinn skrifstofu og fundaraðstaða - tilbúið til notkunar. Auðvelt að skipta húsinu upp í tvær rekstrareiningar. Eignin er laus til afhendingar strax. Allar nánari upplýsingar hefur Einar Páll, löggiltur fasteignasali í síma 586 8080. V. 540,0 m.

Kaplaskjólsvogur 39 - 107 Reykjavík



Falleg og björt 99 m² íbúð með risi á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi við Kaplaskjólsvog 39 í Vesturbæ Reykjavíkur. Fallegt útsýni. Íbúðin skiptist í gang/hol, baðherbergi, eldhús, tvær stofur og svefnherbergi. Í risi er gangur, tvö svefnherbergi og tvö góð geymslurými. Sameign er snyrtileg og litur húsið vel út og virðist vera vel haldið. V. 26,5 m.

Arkarholt 9 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Fallegt 197,4 m² einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr við Arkarholt í Mosfellsbæ. Timburverönd með heitum potti og stór garður í suður. 5 svefnherbergi. Húsið er fallegt og því vel við haldið. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. V. 43,5 m

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30



Lundur 86-92



Glæsileg fjölbýlishús í Fossvogsdalnum í Kópavogi.

Lundur 86-92 eru þrjú 4ra – 6 hæða fjölbýlishús með samtals 52 íbúðum. Íbúðirnar eru þriggja herbergja og stærri. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Leitast var við að hafa íbúðirnar bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum og hita í gólfum.

Leitið upplýsinga á skrifstofu og á www.fastmark.is

SÉRBYLI



Sörlaskjól.

Mjög fallegt og vel skipulagt 297,4 fm. parhús á þremur hæðum með sér 3ja herb. íbúð í kjallara. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförunum árum á vandaðan og smekklegan hátt. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, hannaðar af Yrki arkitektum. Aukin lofthæð er á rishæð. Lóð nýlega endurnýjuð. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.



Kársnesbraut- Kópavogi

227,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með góðu útsýni til norðurs og vesturs. Vel ræktuð lóð með 60 fm. verönd og heitum potti að sunnanverðu. Eignin er mikið endurnýjuð. 5 herbergi. 2 baðherbergi. Skjólsgóðar vestursvalir út af borðstofu. Góð hellulögð aðkoma og yfirbyggt bílskýli. **Verð 48,0 millj.**



Sólvallagata

Fallegt og vel skipulagt 227,1 fm. einbýlishús á þremur hæðum á frábærum stað í Vesturbænum auk 34,8 fm. bílskúrs. Samliggjandi stórar stofur með fallegum rennihúrdum á milli. Stórt hol með vinnuástöðu. 4 herbergi. Fallegur víðarstigi milli hæða. Mögulegt að nýta hluta kjallara sem sér íbúð. **Afgirt skjólsgóð bakióð með veröndum og heitum potti. Verð 72,0 millj.**



Birkígrind - Kópavogi

Gott um 292 fm. raðhús að meðtöldum 26,6 fm. fristandandi bílskúr. Eignin er tvær hæðir, kjallari og ris. Á aðalhæðum eru m.a. eldhús, stofa, borðstofa, fjölskyldu-/sjónvarpsrymi og 3 rúmgóð herbergi. Rísið er eitt rými með fjórum góðum þakgluggum. Sér inngangur í kjallara og því mögulegt að skipta eigninni í tvær íbúðir. Skjólssæll garður í góðri rækt. **Vel staðsett eign í barnvænu hverfi. Stutt í þjónustu. Verð 45,0 millj.**



Víðarás

Fallegt og vandað 160,3 fm parhús á einni hæð að meðtöldum 26,9 fm. bílskúr. Eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, rúmgott hjónaherbergi og 2 barnaherbergi. Hiti í innkeyrslu og stéttum og skjólsgóð verönd til suðurs út af stofum. **Útsýnis nýtur að Rauðavatni, að Bláfjöllum og víðar. Stutt í skóla og leikskóla.**



Kirkjutorg.

Fallegt 139,3 fm einbýlishús í hjarta miðborgarinnar. Húsið er friðað í B-flokki (ytra byrði) og hefur allt verið endurgert í upprunalegri mynd á síðustu 10-15 árum í samvinnu við Árbæjarsafnið. Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris og skiptist m.a. í opið eldhús, 2 stofur og 4 herbergi. Svalir í suður sem snúa að Tjörninni. **Hellulögð lóð.**



Kringlan - endaraðhús

Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stórir eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. **Afgirt og skjólsgóð lóð með stórra verönd. Verð 56,9 millj.**



Jakasel

Vandað og vel skipulagt 331,4 fm. einbýlishús á fallegum og grónum útsýnisstað. 6 svefnherbergi. Eldhús með stórra eyju. Stórar stofur með arni. Tvöfaldur bílskúr. Tvennar svalir. **Glæsileg verðlaunaloð með stórum víðarveröndum og skjólveggjum. Verð 79,0 millj.**



Lynghólar - Garðabæ

Glæsilegt 257,8 fm. einbýlishús að meðtöldum 32,3 fm. bílskúr. Húsið sem er á þremur þöllum er teiknað af Loga Má Einarssyni arkitekt. **Húsið afhendist fullbúið að utan, en fókelt að innan. Tilboð óskast.**



Hverafold- 2ja íbúða hús.

275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 24,2 fm. innbyggðum bílskúr í rólegu og barnvænu hverfi. Aðalhæðin skiptist m.a. í bjarta stofu og borðstofu með mikilli lofthæð og útsýni. Eldhús með sérhannaðri innréttingu. 4 góð svefnherbergi og baðherbergi sem er nýlega endurnýjað. Auk þess 3ja herb. íbúð með séringangi á neðri hæð. Garður til suðurs í góðri rækt. **Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu.**

4 - 6 HERB.



Bjarkarás - Garðabæ. 4ra herbergja efri sérhæð

Falleg og vönduð 148,7 fm. 4ra herb. efri sérhæð, endaíbúð í vönduðu litlu fjölbýlishúsi. Íbúðinni fylgir sér stæði í lokaðri og uppþitaðri bílageymslu. Svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opið eldhús við stofu með eikarinnréttingum. 3 herbergi, öll með skápum. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 49,9 millj.**



Goðheimar- 4ra herbergja

Vel skipulögð og björt 113,7 fm. 4ra herb. íbúð á 3. hæð (efstu) í fjölbýlishúsi. Hæðin skiptist í forstofu/hol, 2 stór herbergi (3 á teikn.), rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með buri og þvottaherbergi innaf og baðherbergi. Svalir út af stofu og hjónaherbergi. Sér geymsla í kjallara. **Afar góð staðsetning. Útsýni að Snæfellsjökli, til sjávar og víðar. Verð 29,9 millj.**



Unnarbraut - Seltjarnarnesi. Efri sérhæð.

Glæsileg 201,8 fm. efri sérhæð að meðtöldum 32,6 fm. bílskúr í þrjúbýlishúsi á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin var nánast öll endurnýjuð að innan á afar vandaðan hátt. Vönduð lýsing. Stór eyja í eldhúsi. Bjartar samliggjandi stofur með útgangi á suðursvalir sjónvarpsstofa. **Útsýnis nýtur bæði til suðurs og vesturs. Verð 55,0 millj.**



Selvað - 4ra - 5 herb. íbúð.

Falleg og vönduð 4ra - 5 herb. 123,8 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin er innréttuð á vandaðan hátt. Stór eyja og vönduð tæki í eldhúsi. Stór og björt stofa með útgangi á stórar svalir til suðurs. **3 herbergi auk vinnuherbergis. Verð 32,9 millj.**



Básbryggja -4ra herbergja með bílskúr.

Falleg 136,6 fm íbúð í litlu fjölbýli í Bryggjuhverfinu auk 20,8 fm. bílskúrs sem innangengt er í. Íbúðin er á tveimur hæðum og með skemmtilegu útsýni yfir stóran sameiginlegan garð. Vestursvalir út af stofu og borðstofu. Opið eldhús með færanlegri eyju. **Opið rými/fjölskyldurými með þakgluggum og 3 rúmgóð herberg. Verð 31,0 millj.**



Skálateigur – Akureyri. 4ra herbergja
Glæsileg og vel innréttað 121,5 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli á Akureyri ásamt stæði í bilageymslu og sér geymslu. Innréttingar eru úr eik og parket og flísar á gólfum. Opið eldhús með útgengi á svalir. Rúmgóð setu- og borðstofa. 3 herbergi. Verð 34,9 millj.

3JA HERB.

Grettisgata



MYND KEMUR AÐEINS SEINNA
Mikið endurnýjuð 90,0 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu litlu fjölbýlishúsi í miðborginni. Innbyggður bílskur fylgir með íbúðinni og sér stæði á baklóð. Eldhús með fallegum innréttingum og eyju. Stór og björt stofa með útgangi á svalir til suðurs. 2 herbergi. **Gegnheilt parket er á gólfum. Verð 33,9 millj.**

Bjarkarás – Garðabæ. 4ra herbergja efri sérhæð.




Falleg 145,0 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi í nýlegu og vönduðu litlu fjölbýli. Sér stæði í lokaðri og upphitaðri bilageymslu fylgir íbúðinni. Stórar svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opið eldhús við stofu með eikarinnréttingum. 2 herbergi. Geymsla innan þvottaherbergi. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 47,9 millj.**

Kvisthagi.



Mjög vel staðsett og vel skipulögð 87,2 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara í mikið endurnýjuðu fjölbýlishúsi í vesturborginni. Samliggjandi skiptanlegar stofur með rennihurð á milli. 1 svefnherbergi. Úr stofum er útgangur á sér verönd til suðurs. **Laus til afhendingar fljótlega. Verð 24,9 millj.**

Pósthússtræti.



3ja herb. 74,7 fm. íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi í hjarta miðborgarinnar, við Austurvöll. Rúmgóð stofa með útgang í á svalir til vesturs. 2 herbergi auk fataherbergis. Baðherbergi með þvottaástöðu. Mögulegt er að fá keypt eða leigt bílastæði í bilageymslu undir húsinu. **Laus til afhendingar fljótlega. Verð 27,9 millj.**

Auðbrekka-Kópavogi



Eftir Frode Øverli

Þýðir þetta að þú fyrirgefir mér, Jói? Allt gleymt og grafið og verður ekki nefnt aftur!

Ég gerði slæm mistök! Það mun aldrei gerast aftur!

Það geta allir geta mistök, Kamilla!

Getum við ekki gleymt öllum slæmu hlutumum? Ég græt ekki mikið á nóttunni lengur!

Jú! Ég hef gengið í gegnumerfiða meðferð... ég græt ekki mikið á nóttunni lengur!

■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Palli! Hvað er í gangi hérna?

Mamma! Pabbi! Það er allt í lagi!

Já, við erum með stjörn á öllu!

„Með stjörn á“??

Þrjár manneskjur að nota þvottavélina eins og heitan pott fellur ekki undir þá skilgreiningu.

HEY! Ég sagði ykkur það, bara tveir í einu!!

■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Golf í Mið austurlöndum

Hmmm... Abdul, þú ættir að láta mig fá grasfleygjárnið.

■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ætlið þið að biðja jólasveininn um allar gjafir í heiminum? Það er nú meiri græðgin. Kannski fáir þið bara kolamola í staðinn.

Hvaða mola? Kolamola. Það er svipað og steinn, fólk notaði þá til að hita.

Hvernig? Þau voru brennd. Steinar sem brenna?

KÚL! Ég ætla að bæta þeim á listann!

Þú þarft þess ekki! Við fáum þau sjálfkrafa.

Úff!

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

visir

BYLGJAN 25 ÁRA
989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Hressileg saga fyrir fróðleiksfúsa krakka

Bókmenntir ★★★★★

Náttúrugripasafnið

Sigrún Eldjárn

Mál og menning 2011

Það sem fyrst vekur athygli við Náttúrugripasafnið eftir Sigrúnu Eldjárn er flott hönnun bókarinnar. Sniðugar myndir eru nánast á hverri einustu opnu, bókin er líka falleg á litinn, fer vel í hendi og er í alla staði mjög girnilegur prentgripur. Sigrún er vel þekktur myndlistarmaður og sér vita-skuld sjálf um myndskreytingar, en einnig brýtur hún bókina um.

Sagan hentar börnum á aldrinum 8-12 ára og hún fjallar um börn á því aldursbili. Aðalpersónurnar eru Rúnar, sem býr ásamt föður sínum í þorpinu Ásgarði, og systkini af indverskum uppruna, þau Magga og Lilli, sem búa á sama stað með sínum foreldrum.

Sagan er römmuð inn með frásögn af ömmu systkinanna Möggu og Lilla, en hún býr á Indlandi og veit ekki hvernig hinum ættleiddu barnabörnum hennar hefur reitt af. Hún sendir þeim pakka, en innihald hans leikur síðan lykilhlutverk í sögunni. Rúnar tekur líka með sér dularfullan pakka úr skritinni verslun í New York og fer með hann heim til Íslands í trássi við vilja móður sinnar. Það sem í honum leynist kemur líka heldur betur á óvart og af stað fer æsileg atburðarás.

Náttúrugripasafnið er fantasía þar sem dvergar leika lausum hala, forsögulegur maður vaknar til lífsins, beinagrind löngu látinnar

stúlku á safni tekur til sinna ráða og kettir hugsa líkt og menn.

Sagan er bæði skemmtileg og spennandi, en höfundur leggur líka lykkju á leið sína til þess að fræða hina ungu lesendur sína. Það verður þó aldrei „skólabókarlegt“ eða predikandi, heldur er fræðslan mjög smekklega felld inn í söguna og sett fram á einfaldan hátt. Gott dæmi er t.d. þegar krakkarnir fá dularfullt bréf sem inniheldur orð sem þau skilja ekki:



Rúnar skýst inn í pabba herbergi og sest við tölvuna. Hann finnur fljótleiga orðabók á netinu og slær inn þetta undarlega orð.

„Hey, hlustaðu, hérna er þetta. Það stendur:

gísl -s, -ar, KK: maður afhentur eða tekinn í gæslu til tryggingar því að samningar takist (haldist) eða farið sé eftir fyrir mælum.“

Hann lítur á Möggu. „Ég skil þetta nú ekki almennilega, en þú? Hvað þýðir til dæmis þetta: -s, -ar

og KK? Er þetta eitthvert dulmál? „Nei, bjáninn þinn! Þetta er málfræði,“ svarar Magga hneyksluð. „Kannstu ekki að fletta upp í orðabók? Ég skal útskýra þetta fyrir þér.“ (106-107)

Fróðleikurinn er ekki einungis málfræðilegur, heldur verða börn líka nokkurs vísari um fornleifa- og náttúrufræði (faðir Rúnar stendur í að koma á fót náttúrugripasafni í þorpinu) auk þess sem rammafrásögnin um uppruna systkinanna er falleg og til þess ætluð að undirstrika að „hjörtum manna svipar saman...“ eins og þar stendur.


Sigrúnu Eldjárn tekst ákaflega

vel upp með þessa sögu. Að vísu er sumt í henni heldur lítt undirbyggt eða útskýrt (eins og t.d. ástæða þess að tugþúsund ára gömul múmía skuli liggja á lausu í lítilli búðarholu í New York – og hin sáraeinfalda aðferð sem síðar er notuð til að vekja þá múmíu til lífsins) en sem betur fer eru börn yfirleitt ekki neindir raunsæisþrælar, heldur taka hinu fantastíska fagnandi – og það er ég sannfærð um að þau gera við lesturinn á Náttúrugripasafninu.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Niðurstaða: Hressileg saga fyrir fróðleiksfúsa og ævintýragjarna krakka.

Boddýhlutir



NÝ PLATA Axl Rose ku vera afar frjór þessa dagana.

Ný plata forgangsmál

Hljómsveitin Guns N' Roses vinnur nú að plötu, þeirri sjöundu í röðinni.

Platan myndi fylgja eftir plötunni Chinese Democracy, en aðdáendur hljómsveitarinnar biðu eftir henni í tæp 15 ár. DJ Ashba, gítarleikari Guns N' Roses, segir í viðtali við vefsíðuna Mamasfallenangels.com að hann vinni nú að nýjum lögum ásamt Axl Rose, forsprakka hljómsveitarinnar. „Að gera nýja plötu er algjört forgangsmál hjá okkur,“ segir Ashba. „Ég get ekki beðið eftir að hefja upptökur. Axl á tonn af nýjum lögum. Við höfum setið saman inni á hóteliherbergi á meðan hann spilar fyrir mig ný lög klukkustundum saman. Og ég er búinn að semja fleiri en tíu lög sem hann kann að meta.“

DJ Ashba vill ekki gefa upp hvenær platan kemur út. Það er því ljóst að sparkspekingurinn Hjörvar Hafliðason og aðrir aðdáendur Guns N' Roses biða með öndina í hálsinum þar til frekari fréttir berast.

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Tíu sveitir sem neyddust til að breyta nafninu sínu

Margar hljómsveitir hafa þurft að breyta nafni sínu eftir að kom í ljós að einhver annar var á undan þeim með nafnið. Skemmst er að minnst deilu hinna hollensku og íslensku Maus. Hin íslenska Maus á einkaréttinn á nafninu í Evrópu og því er hin hollenska nauðbeygð til að skipta um sitt nafn.



NÝTT NAFN Amiina, Travis Barker og félagar í Blink 182, Pink Floyd með Roger Waters innanborðs og hin breska Suede þurftu allar að breyta nafninu sínu.

Amína → Amiina
Hljómsveitin Amína breytti árið 2006 nafni sínu í Amiina. Margir rugluðust á sveitinni og söngkonunni Aminu frá Túnis sem lenti í öðru sæti í Eurovision 1991 með lagið *Le dernier qui a parlé* sem hún söng fyrir hönd Frakklands.

The Bangs → The Bangles
Kvinnasveitin hét upphaflega The Bangs en þegar í ljós kom að önnur hljómsveit bar sama nafn varð hún að breyta til.

Blink → Blink 182
Bandaríska pönkbandið hét einfaldlega Blink en eftir að írsk hljómsveit með sama nafn hótaði lögsókn var ákveðið að bæta tölunni 182 við.

The Chicago Transit Authority → Chicago
Hljómsveitin hét The Chicago Transit Authority þegar fyrsta platan hennar kom út. Eftir það höfðu borgin Chicago mál gegn sveitinni vegna þess að hún hét það sama og deild almenningsgangna. Í staðinn skírði hljómsveitin sig í höfuðið á borginni sjálfri.

The Dust Brothers → The Chemical Brothers
Bandaríska danshljómsveitin var skírð í höfuðið á upptökudúóinu The Dust Brothers. Eftir að sveitinni var hótað lögsókn var nafninu breytt í The Chemical Brothers, sem vísar til lags hennar Chemical Beats.

The Tea Set → Pink Floyd
Breska hljómsveitin þurfti að breyta nafninu sínu eftir að í ljós kom að önnur hljómsveit hét The Tea Set. Í staðinn tók hún upp nafnið The Pink Floyd Sound eftir blústonlistarmönnum Pink Anderson og Floyd Council. Aðdáendur sveitarinnar töluðu alltaf um Pink Floyd, sem varð opinbert nafn hennar.

Silmarillion → Marillion
Breska rokkveitin var upphaflega skírð í höfuðið á bók sem fjallaði um verk J.R.R. Tolkien, The Silmarillion.

Til að koma í veg fyrir lagafækjur var nafninu breytt í Marillion.

Mighty Joe Young → Stone Temple Pilots
Þegar í ljós kom að blústonlistarmaður kallaði sig Mighty Joe Young var nafninu breytt í Shirley Temple's Pussy. Það breyttist svo í Stereo Temple Pirates en varð á endanum Stone Temple Pilots.

Suede → The London Suede
Breska hljómsveitin varð að breyta nafninu sínu fyrir Bandaríkjamarkað í The London Suede vegna þess að bandarískur hótelsöngvari átti einkaréttinn á því og höfðuði mál gegn Brett Anderson og félagum.

Verve → The Verve
Nafni bresku popparanna var breytt í The Verve vegna þess að fyrir í tonlistarbransanum var djassútgáfan Verve Records.

SMÁRABÍÓ *GLERAUGU SELD SÉR* **5%**

FLYPAPER KL. 6 - 8 - 10 **12**

TINKER TAILOR SOLDIER SPY KL. 8 - 10.40 **16**

TINKER TAILOR SOLDIER SPY LÚXUS KL. 5.20 - 8 - 10.40 **16**

THE SITTER KL. 6 - 8 - 10 **14**

GIRL WITH THE DRAGON TATTOO KL. 4.45 - 8 **16**

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 KL. 3.40 - 5.50 **L**

STÍGVÉLADIKÖTTURINN 3D KL. 3.40 **L**

ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D KL. 3.40 **L**

HÁSKÓLABÍÓ *NÁNAR Á MIÐJIS* **5%**

IRON LADY KL. 5.40 - 8 - 10.20 **L**

MY WEEK WITH MARILYN KL. 5.40 - 8 - 10.20 **L**

GIRL WITH THE DRAGON TATTOO KL. 5.45 - 9 **16**

BORGARBIÓ *NÁNAR Á MIÐJIS*

IRON LADY KL. 6 - 8 **L**

GIRL WITH THE DRAGON TATTOO KL. 6 - 9 **16**

TINKER TAILOR SOLDIER SPY KL. 10 **16**

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midis.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

IRON LADY **L**

RÚÐULEIKARARNIR **L**

TINKER TAILOR SOLDIER SPY **16**

LAUGARÁSBÍÓ *Sýningartímar*

PRÓÐULEIKARARNIR 6, 8

THE IRON LADY 5.50, 8, 10.10

TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY 7, 10

MISSION IMPOSSIBLE 10

SAMBÍÓINN *SYMBIO.IS*

"EIN BESTA MYND ÁRSINS - PUNKTUR." **RÚÐULEIKARARNIR**

"TVEIR PUNLAR UPP"

"ALGJÖR GLEÐI FRÁ BYRJUN TIL ENDA"

"UNADSLEGA GLETTIN - HITTR BEINT Í MARK"

"BRÁÐSKEMTILEG OG SPRENGLHLEGINLEG - ALGJÖR DENANTUR"

"FRÁBÆR FYRIR ALLA"

THE MUPPETS
SÝND MEÐ ENSKU TALI OG ÍSLENSKUM TEXTA

IT TAKES A PAIR TO BEAT THE ODDS.

50/50
2. BESTA MYND

FJÖRFISKARNIR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

SHERLOCK HOLMES
STÆRRI BETRI Fyndnari

GHOST PROTOCOL

SAMBÍÓINN ALFABAKKA		SAMBÍÓINN EGILSHÖLL	
50/50	kl. 8 - 10:30	PRÓÐULEIKARARNIR	kl. 5:40 - 8
50/50 VIP	kl. 5:40 - 10:40	50/50	kl. 5:40 - 8 - 10:45
PRÓÐULEIKARARNIR	kl. 5:50 - 8 - 10:30	SHERLOCK HOLMES 4	kl. 5:20 - 8 - 10:40
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40	STÍGVÉLADI KÖTTURINN	kl. 5:40
SHERLOCK HOLMES 2 VIP	kl. 8	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:20
NEW YEAR'S EVE	kl. 5:30 - 8	NEW YEAR'S EVE	kl. 10:20
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:40		
FJÖRFISKARNIR	kl. 5:50	SAMBÍÓINN KRINGLUNNI	
STÍGVÉLADI KÖTTURINN	kl. 3:40	SHERLOCK HOLMES 2	kl. 5:20 - 8 - 10:40
		PRÓÐULEIKARARNIR	kl. 5:50
		NEW YEAR'S EVE	kl. 5:30 - 8 - 10:30
		MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:40
SAMBÍÓINN AKUREYRI		SAMBÍÓINN KEFLAVÍK	
PRÓÐULEIKARARNIR	kl. 6	50/50	kl. 8 - 10:20
SHERLOCK HOLMES 4	kl. 8 - 10:30	SHERLOCK HOLMES 4	kl. 10
NEW YEAR'S EVE	kl. 6	THE SITTER	kl. 8
50/50	kl. 8		
MISSION: IMPOSSIBLE 4	kl. 10:30		

ALVÖRU FRÍÐINDI kynntu þér SAMBÍÓKLÚBBINN á **SAMBÍÓINN**

AMERICAN STYLE

HEALTHY STYLE

KJÚKLINGABRINGA

MEÐ SÓSU, BAKAÐRI KARTÖFLU OG FERSKU SALATI

kr. 1695.-

BÍÓ PARADÍS

MÁNUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 22:00 ■ Á ANNAN VEG (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

ISL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

Bíó Paradís er nú hluti af **EUROPA CINEMAS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midis.is

THIS MUST BE THE PLACE

SEAN PENN

ELDFJALL

SÝND Í NOKKRA DAGA VEGNA FJÓLDA ÁSKORANA

Brostu í vinnunni – á nýja árinu hjá Nova!

Við leitum að öflugum einstaklingum sem hafa áhuga á að ná árangri í starfi og efla okkar hóp. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstörf þar sem gerðar eru kröfur um öguð og fagleg vinnubrögð og samskiptahæfileika. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi eru einnig nauðsynlegir eiginleikar.

Meistaraflokkur Nova!

Söluráðgjafi í fyrirtækjþjónustu

– manneskja sem fyrirtæki elska að fá í heimsókn (það er ekki djök, söluráðgjafarnir okkar eru vinsælir í alvörunni).

Nova leitar að drífandi einstaklingi í starf söluráðgjafa í fyrirtækjþjónustu. Starf söluráðgjafa er fylgið í sölu á farsíma- og fastlínupjónustu Nova til fyrirtækja. Áhugi á tækninýjungum og reynsla úr starfsumhverfi tæknifyrirtækja mikill kostur.

Einungis sjálfstæður og metnaðarfullur einstaklingur með mikla reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði kemur til greina. Ef þú ert hress og skemmtileg(ur), söludrifinn og metnaðargjarn einstaklingur þá viljum við endilega fá þig í hópinn.

Hæfniskröfur: Háskólapróf eða önnur sambærileg menntun. Starfsreynsla af sölustörfum í tækniumhverfi kostur.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Ertu á réttri línu?

Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuver

– týpan sem virkar róandi á alla og maður treystir á að hjálpi manni með hvað sem mann vantar.

Fyrir þann sem elskar að tala í síma, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf fyrir **1. febrúar 2012** á netfangið **starf@nova.is**.

Sæktu um fyrir
1. feb.
á **starf@nova.is**

Ertu smitandi skemmtileg manneskja?

Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

– fólk sem er meira en fallegt andlit Nova, það er líka hluti af bestu sölumönnum landsins.

Fyrir þann sem elskar að koma fram, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

Hæfniskröfur: Jákvæðni, frumkvæði, kraftur og framúrskarandi þjónustulund einkennir þann frábæra hóp sem okkur vantar viðbót við. Allt þetta ásamt góðri tölvukunnáttu og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynlegt. Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Unnið er á vöktum.

Meira techno!

Verk- eða tölvunarfræðingur á tæknisviði

– sá eða sú sem skilur oft betur en við flest hvernig hlutirnir virka, allavega þessir tæknilegu.

Ertu nýlega útskrifuð(aður) eða kannski alveg að klára námið? Nova leitar að ungum og kraftmiklum verkfræðingum og tölvunarfræðingum í hópinn.

Á tæknisviði Nova er verið að fást við margvísleg spennandi verkefni, bæði á sviði hugbúnaðarlausna og fjarskipta. Fram undan eru spennandi tímar í farsíma- lausnum, svo sem snjallsímaþæðing, 4G og enn meiri uppbygging á 3G þjónustunni.

Hafðu samband og skoðum hvar þinn áhugi liggur, það er aldrei að vita nema eitthvað skemmtilegt komi út úr því.



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

ÍSLAND hefur aldrei náð að vinna Króata á stórmóti en það hefur reyndar munað mjög litlu í síðustu þremur leikjum. Króatar unnu með einu marki á HM 2011 (33-34) og EM 2006 (28-29) en þjóðirnar gerðu síðan 26-26 jafntefli á EM 2010. Króatar unnu fyrsta leik þjóðanna á stórmóti með fjórum mörkum á ÓL 2004. Ísland vann heldur ekki Júgóslavíu í þremur leikjum á meðan Króatar spiluðu undir merkjum þess.



HRESSIR Arnór Atlason og Kári Kristjánsson grínast á hótelinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Strákarnir einir á herbergi á hótelinu í Vrsac:

Arnór saknar Ásgeirs

EM 2012 Strákarnir okkar eru vanir því að vera tveir saman á herbergi á stórmótum en á hótelinu sem þeir gista á núna var aðeins boðið upp á eins manns herbergi.

Lítill hamingja er með þetta fyrirkomulag hjá strákunum sem sakna félagsskaparins.

„Við Ásgeir söknum hvor annars,“ segir Arnór Atlason sem hefur deilt herbergi með Ásgeiri Erni Hallgrímssyni til margra

ára. „Það er hálfþómlegt á herbergjunum. Ásgeir bankaði ekki hjá mér í nótt en það á örugglega eftir að gerast,“ segir Arnór léttur en nettengingin á hóteli strákanna er þess utan ekki upp á marga fiska og hjálpar því ekki strákunum við að drepa tímann.

Ísland er á hóteli með Slóveníu og Noregi en Króatar gista á mun betra hóteli ásamt dómurum og starfsmönnum handknattleiksambands Evrópu, EHF. - hbg



Á GANGI UM VRSAC Landsliðsmennirnir Vignir Svavarsson, Þórir Ólafsson og Sverre Jakobsson í göngutúr í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erum að nálgast Króata

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir að markmið eitt hjá íslenska liðinu sé að komast upp úr riðlinum. „Það þarf algjöran toppleik til að vinna Króata,“ segir þjálfarinn en fyrsti leikurinn á EM í Serbíu er í kvöld.

EM 2012 Stóra stundin er runnin upp og í kvöld mætir Ísland einu besta handboltaliði heims, Króatíu, á EM í Serbíu. Eins og kunnugt er verður Ísland án Ólafs Stefánssonar og Snorra Steins Guðjónssonar á mótinu. Svo veiktist markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson í gær og er óvissa með hans þátttöku í kvöld.

„Það er alltaf sérstök tilfinning að hefja leik á stórmóti. Það er um margt að hugsa þessa dagana en við undirbúum okkur af kostgæfni og höfum verið duglegir að greina króatíska liðið síðustu daga,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari þegar landsliðið var nýbúið á myndbandsfundum þar sem bardagaáætlun kvöldsins var yfirfarin.

„Ég verð að játa að fyrsta markmið okkar númer eitt, tvö og þrjú núna er að komast upp úr riðlinum. Það væri glóruhlust að hugsa lengra fram í tímann. Það væri frábær árangur hjá liðinu að ná því,“ sagði Guðmundur en hvað með Króataleikinn í kvöld?

„Við verðum að spila gríðarlega vel til þess að leggja Króata af velli. Við gerum okkur vel grein fyrir því. Það er að mörgu leyti ágætt að byrja að mæta þeim,“ sagði Guðmundur en íslenska liðinu hefur gengið illa gegn Króötum síðustu ár.

„Við höfum vissulega ekki riðið feittum hesti í viðureignum okkar gegn Króötum. Við erum samt að nálgast þá eins og síðustu tveir leikir bera vitni um. Á HM í Svíþjóð í fyrra töpuðum við með einu marki gegn þeim og leiddum leikinn í 48 mínútur. Það er því allt mögulegt en við verðum samt að ná algjörum toppleik til þess að vinna.“

Guðmundur viðurkennir að það sé óneitanlega sérstakt að mæta til leiks án þeirra Ólafs og Snorra sem hafa verið algjörir lykilmenn í landsliðinu í fjölda ára. Hann segir liðið ekki vera að velta sér upp úr því og stemningin í hópnum sé góð líkt og endranær.

„Það er alltaf góð stemning í kringum þetta lið og maður kannski sér ekki alveg hvernig stemningin er fyrr en ballið byrjar af alvöru. Andinn er góður á liðinu og menn eins vel stemmdir og hægt er að ég tel.“

Henry Birgir Gunnarsson & Vilhelm Gunnarsson



fjalla um EM karla í handbolta í Serbíu henry@frettabladid.is - vilhelm@frettabladid.is

Björgvin Páll veikir:

Aron kom til Serbíu í nótt

EM 2012 Aron Rafn Eðvarðsson, markvörður Hauka, kom til móts við landsliðið um miðnæturleytið í gær en ákveðið var að húa í hann þar sem Björgvin Páll Gústavsson er veikir.

„Auðvitað vonum við að Björgvin hristi þetta af sér en við vildum ekki taka neina áhættu og þess vegna hringdum við í Aron. Hann verður því til taks ef Björgvin hressist ekki,“ segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.

Björgvin er í hálfgerðri einangrun á hóteli íslenska liðsins í Vrsac og má ekki umgangast félagas sína.

„Hann má koma inn á herbergið til mín en aðrir mega ekki tala við hann,“ sagði Guðmundur léttur. „Þeir verða að fara á Skype til þess að tala við hann.“ - hbg

EM Í SERBÍU

A-riðill

Pólland - Serbía 18-22 (7-11)
Markahæstir: Karol Bielecki 4, Michael Jurecki 3 - Marko Vujan 6, Ivan Nikcevic 6, Momir Ilic 4/2, Rajko Prodanovic 3.
Danmörk-Slóvakía 30-25 (15-12)
Markahæstir: Hans Lindberg 7, Anders Eggert 6/1, Thomas Mogensen 4, Mikkel Hansen 4 - Danel Valo 6.

B-riðill

Þýskaland-Tékkland 24-27 (9-14)
Markahæstir: Lars Kaufmann 5, Michael Haas 4 - Filip Jicha 7/1, Jan Filip 4.
Svíþjóð-Makedónía 26-26 (14-13)
Markahæstir: Niclas Ekberg 6/3, Kim Andersson 5, Dalibor Doder 4, Henrik Lundstöm 4 - Stevche Alshovski, Kiril Lazarov 7/3, Naumche Mojsovski 5.

LEIKIR DAGSINS:

C-riðill

Frakkland-Spánn Kl. 17.15

Ungverjaland-Rússland Kl. 19.15

D-riðill

Noregur-Slóvenía Kl. 17.10

Ísland-Króatía Kl. 19.10

Oddur Gretarsson og Rúnar Kárason voru ekki skráðir inn og verða því uppi í stúku.

Hádegisfundur ÍSÍ
Miðvikudagur 25. jan. kl. 12.00-13.00 í E-sal íþr. - miðstöðv. í Laugardal. Kjartan Páll Þórarinnsson hjá Þekkingarneti Þingeyinga o.fl. munu fjalla um skýrslu um vímuefnasamning Völsungs við iðkendur. Aðgangur ókeypis og öllum heimill. Sjá einnig á www.isi.is

LYFJA - Lífið heil

Fyrir börnin í Lyfju

www.lyfja.is

Ekkert Twitter-bann hjá landsliðinu

Fjölmargir íþróttamenn hafa skotið sig í fótinn með misgáfulegum ummælum á Twitter. Fjölmörg félög og landslið hafa í kjölfarið sett reglur er varða notkun samskiptamiðla eins og Twitter og Facebook. Flestir leikmenn íslenska landsliðsins eru með Facebook-síðu og nokkrir þeirra eru farnir að gera vart við sig á Twitter. Guðmundur landsliðsþjálfari er ekki einn þeirra sem hafa sett reglur er varða notkun þessara miðla. „Ég hef aldrei skipt mér af því. Leikmennirnir bera ábyrgð á sjálfum sér og eigin hugarfari. Þeir hafa hingað til verið mjög fagmannlegir í þessu sem öðru og ég treysti þeim til að halda því áfram,“ sagði Guðmundur. „Leikmenn hafa mitt fyllsta traust þar til annað kemur í ljós og ég á ekki von á því að þurfa að setja slíkar reglur. Þeir eru það fagmannlegir þessir strákar.“

Byrjanir íslenska handboltalandsliðsins á stórmótum:

Hafa ekki tapað fyrsta leik á síðustu mótum

HANDBOLTI Strákarnir okkar hafa byrjað vel á síðustu stórmótum sínum og íslenskt landsliðið hefur ekki tapað í fyrsta leik á undanförunum þremur stórmótum. Aðeins eitt stórmót frá og með árinu 2005 hefur byrjað á tapleik. Íslenska liðið tapaði fyrir Svíum í fyrsta leiknum sínum á EM 2008 en hefur síðan unnið Rússa (ÓL 2008) og Ungverja (HM 2011) og gert jafntefli við Serba

(EM 2010) í fyrsta leik sínum á síðustu stórmótum. Byrjun á Evrópumótunum hefur þó ekki gengið eins vel. Íslenska landsliðið hefur aðeins einu sinni unnið fyrsta leik á EM en það var á móti Serbum á EM í Sviss 2006. Strákarnir gerðu jafntefli í fyrsta leik á EM 2002 og EM 2010 en töpuðu fyrsta leik á EM 2000, EM 2004 og EM 2008.



GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON í baráttu við Aaron Ramsey í leiknum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Gylfi Þór Sigurðsson átti frábæra innkomu í fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni: Lagði upp sigurmark í fyrsta leik

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson lék sinn fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar hann og nýju félagarnir í Swansea unnu frábæran 3-2 sigur á Arsenal. Gylfi átti frábæra innkomu eftir að hann kom inn á í hálfleik og lagði upp sigurmark Swansea tuttugu mínútum fyrir leikslök.

Gylfi kom inn á í hálfleik í stöðunni 1-1 og tólf mínútum síðar komst Swansea í 2-1. Gylfi Þór átti flottan leik en hann var mjög skapandi í sókn liðsins og tók einnig sex ógnandi hornspyrnur

á fyrstu 17 mínútum hálfleiksins. Arsenal jafnaði metin úr skyndisókn en Gylfi átti frábæra stungusendingu á Danny Graham í næstu sókn og Graham tryggði Swansea 3-2 sigur. Swansea hefur þar með unnið tvo fyrstu leiki sína frá því að Gylfi kom til Wales.

Heiðar Helguson var í byrjunarliði Queens Park Rangers í fyrsta leiknum undir stjórn Marks Hughes en það byrjaði ekki vel hjá nýja stjóranum því QPR tapaði 0-1 fyrir Newcastle á útivelli og situr í fallsæti eftir leiki helgarinnar.

Eggert Gunnþór Jónsson var ekki í leikmannahópi Wolves sem náði í stig á móti Tottenham á White Hart Lane. Gylfi var því á undan Eggerti að spila sinn fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni.

Grétar Rafn Steinsson og félagar í Bolton töpuðu 0-3 á móti Manchester United á Old Trafford. Paul Scholes mætti á blindu hliðina hjá Grétari Rafni og skoraði fyrsta mark United í leiknum í sínum fyrsta leik í byrjunarliði United síðan hann tók skóna af hillunni.

- 66j

ÚRSLIT LEIKJA

Enska úrvalsdeildin

Aston Villa - Everton	1-1
1-0 Darren Bent (56.), 1-1 Victor Anichebe (69.)	
Blackburn - Fulham	3-1
1-0 Morten Gamst Pedersen (45+4), 2-0 David Dunn (46.), 2-1 Damien Duff (56.), 3-1 Mauro Formica (79.)	
Chelsea - Sunderland	1-0
1-0 Frank Lampard (13.)	
Liverpool - Stoke	0-0
Man Utd - Bolton	3-0
1-0 Paul Scholes (45.+1), 2-0 Danny Welbeck (74.), 3-0 Michael Carrick (83.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton.	
Tottenham - Wolves	1-1
0-1 Steven Fletcher (22.), 1-1 Luka Modrić (53.)	
West Brom - Norwich	1-2
0-1 Andrew Surman (43.), 1-1 Shane Long, viti (68.), 1-2 Steve Morison (79.)	
Newcastle - Queens Park Rangers	1-0
1-0 Leon Best (37.). Heiðar Helguson lék fyrstu 64 mínútur leiksins.	
Swansea - Arsenal	3-2
0-1 Robin van Persie (5.), 1-1 Scott Sinclair, viti (16.), 2-1 Nathan Dyer (57.), 2-2 Theo Walcott (69.), 3-2 Danny Graham (70.). Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á í hálfleik.	
STAÐAN Í DEILDINN:	
Man. City	20 15 3 2 56-16 48
Man. United	21 15 3 3 52-20 48
Tottenham	21 14 4 3 39-21 46
Chelsea	21 12 4 5 40-25 40
Arsenal	21 11 3 7 38-31 36
Newcastle	21 10 6 5 30-25 36
Liverpool	21 9 8 4 24-18 35
Stoke	21 8 6 7 22-31 30
Norwich	21 7 7 7 32-36 28
Swansea	21 6 8 7 23-25 26
Everton	21 7 4 10 21-25 25
Sunderland	21 6 6 9 27-24 24
Aston Villa	21 5 9 7 23-27 24
Fulham	21 5 8 8 23-29 23
West Brom	21 6 4 11 20-30 22
Wolves	21 4 6 11 23-37 18
Blackburn	21 4 5 12 32-44 17
QPR	21 4 5 12 19-36 17
Bolton	21 5 1 15 25-46 16
Wigan	20 3 6 11 18-41 15

N1 deild kvenna í handbolta

Fram - Valur	26-21 (14-10)
Mörk Fram (skot): Elísabet Gunnarsdóttir 9/5 (9/5), Stella Sigurðardóttir 7 (16), Ásta Birna Gunnarsdóttir 5 (6), Sunna Jónsdóttir 2 (2), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (7), Guðrún Þóra Háldánsdóttir 1 (2), Birna Berg Haraldsdóttir (2), Varin skot: Guðrún Ósk Maríasdóttir 15 (42%).	
Mörk Vals (skot): Kristín Guðmundsdóttir 6/1 (13/1), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5 (9), Ágústa Edda Björnsdóttir 3 (6), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 3 (6), Anna Úrsula Guðmundsdóttir 2 (3), Karólína B. Gunnarsdóttir 1 (1), Dagný Skúladóttir 1 (2), Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 16 (47%), Sunneva Einarsdóttir 2 (20%).	
KA/Þór - Gróttta	25-26 (13-12)
Mörk KA/Þór: Martha Hermannsdóttir 6, Ásdís Sigurðardóttir 6, Kolbrún Einarsdóttir 5, Erla Tryggvadóttir 3, Jóhanna Snædal 2, Sunneva Nielsdóttir 2, Katrín Vilhjálmsdóttir 1.	
Mörk Gróttta: Unnur Ómarsdóttir 5, Tinna Gautadóttir 5, Sunna M Einarsdóttir 4, Sóley Arnarsdóttir 4, Björg Fengler 4, Elín H Jónsdóttir 2, Laufey Á Guðmundsdóttir 2.	
Haukar - HK	29-36 (15-21)
Mörk Hauka: Ásta Björk Agnarsdóttir 5, Viktoría Valdimarsdóttir 5, Marija Gedroit5, Ragnheiður Sveinsdóttir 4, Karen Helga Sigurjónsdóttir 3, Silja Ísberg 3, Ásthilur Friðgeirsdóttir 3, Diana Sigmarsdóttir 1.	
Mörk HK: Elín Anna Baldursdóttir 9, Brynja Magnúsdóttir 7, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 6, Heiðrún Björk Helgadóttir 4, Elísa Ósk Víðarsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 2, Elva Björg Arnarsdóttir 2, Arna Björk Almarsdóttir 2, Harpa Baldursdóttir 1.	
STAÐAN Í DEILDINN:	
Fram	8 7 0 1246-181 14
Valur	7 6 0 1219-154 12
HK	7 5 0 2210-187 10
ÍBV	7 4 0 3183-168 8
Stjarnan	7 4 0 3200-191 8
Haukar	7 2 0 5178-221 4
Gróttta	7 1 1 5166-208 3
FH	7 1 1 5142-196 3
KA/Þór	7 1 0 6166-204 2

Nýjungar frá Siemens Kæli- og frystiskápar

KG 39EAI40

- Framhlið úr kámfriú stáli.
- Orkuflokkur A+++.
- 247 lítra kæli, 92 lítra frystir.
- Fékk nýlega hönnunarviðurkenninguna IF product design award.
- Mál (h x b x d): 201 x 60 x 70 sm.

Kynningarverð:

199.900 kr. stgr.



KG 36VVI30

- Framhlið úr kámfriú stáli.
- Orkuflokkur A++.
- 215 lítra kæli, 94 lítra frystir.
- Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.

Kynningarverð:

139.900 kr. stgr.



KG 36NVW20

- Hvítur með „noFrost“-tækni: affrysting óþörf jafnt í frysti- sem kæliými.
- 221 lítra kæli, 66 lítra frystir.
- Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.

Kynningarverð:

159.900 kr. stgr.



SIEMENS



Meðal nýjunga

- Hægt að draga hillurnar vel fram.
- Betri orkunýtni. Nú eru skáparnir í orkuflokki A+, A++ eða A+++.



- „crisperBox“-skúffa með rakastillingu. Tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta.
- „coolBox“-skúffa þar sem kuldi er meiri (-2° til 3° C) en annars staðar í kælinum. Eykur geymsluþol ferskra kjötvana og fisks.
- Einstaklega björt LED-lýsing er komin í alla nýja skápa.
- Í frystirýminu eru þrjár gegnsæjar frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“).

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Hver er þín hugmynd



Skilafrestur er til 22. janúar | [Gulleggid.is](https://gulleggid.is)

Gulleggið - Frumkvöðlakeppni Innovit fer nú fram í fimmta sinn. Markmið keppinnar er að hjálpa einstaklingum að láta hugmyndir sínar verða að veruleika. Allir þeir sem luma á viðskiptahugmynd eru hvattir til þess að senda inn stutta lýsingu á hugmyndinni - Það kostar ekkert að taka þátt. Heildarverðlaun keppinnar nema 5.000.000 kr.

innovit

Styrktaraðilar



marel



Stærsti
skem্পiastaður
í heimi!
NOVA

NS
NÓI SÍRÍUS

KPMG

NASDAQ OMX

THULE INVESTMENTS

EYRIR INVEST

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

STEFNA
HUGBÚNABARHÚS


Tæknipróunarsjóður

ISLANDSSTOFN

**MENNTA-
RÁÐGÆFINGARSTOFN**

Samstarfsaðilar





„Uppáhaldssjónvarpsþátturinn minn er líklega *Brideshead Revisited* sem stórvinnur minn Þorlákur Einarsson benti mér á fyrir um fjórum árum. Einnig get ég horft á *Arrested Development* og *Sigtíð aftur og aftur*.“

Guðmundur Jörundsson fatahönnuður.

Valin úr 5.000 stuttmyndum

„Það verða 28 myndir frá Bandaríkjunum eða Kanada og bara ein önnur mynd frá Evrópu. Þannig að við ætlum einhvern veginn að vera fulltrúar Evrópu. Segjum það bara,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Helgi Jóhannsson.

Stuttmynd Helga og Halldórs Ragnars Halldórssonar, Þegar kanínur fljúga, verður sýnd á Slamdance-kvikmyndahátíðinni í Utah í Bandaríkjunum, sem hefst í næstu viku. Á meðal þeirra sem fara með hlutverk í myndinni eru Gunnar Hansson, Anna Svava Knútsdóttir og Jakob van Oosterhout. Fleiri en 5.000 stuttmyndir voru sendar inn og er myndin ein af 30 sem var valin. Það er til mikils að vinna fyrir Helga og Halldór, en sigurvegari stuttmyndaflöksins kemst í forval fyrir Óskarsverðlaunin.

Slamdance-hátíðin var sett á fót árið 1995 þegar nokkrir kvikmyndagerðarmenn vildu lýsa frati á Sundance-hátíðina. Í dag er Slamdance hins vegar haldin samhliða Sundance, í sama bæ á sama tíma.

Fjöldmargir kvikmyndagerðarmenn hafa verið uppgötvaðir á Slamdance. Þeirra á meðal er Christopher Nolan, en hann vann til verðlauna á Slamdance fyrir fyrstu kvikmynd sína *Following*. „Sundance er ein stærsta kvikmyndahátíð heims og þetta er allt haldið í litlum skíðabæ í Utah,“ segir Helgi. „Við munum búa í húsi með sextán öðrum kvikmyndagerðarmönnum. Þannig að þetta verður örugglega frekar spes.“

- afb

Á LEIÐINI ÚT Helgi og félagar eru á leiðinni til Utah í Bandaríkjunum þar sem Slamdance-kvikmyndahátíðin fer fram. Leikstjórinn Christopher Nolan er á meðal þeirra sem voru uppgötvaðir þar.



Hefur þú reynslu af verslunarstörfum?

Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaðnum?

Starfar þú í verslun eða hefur starfað í verslun í nokkur ár?

Kynningarfundur um raunfærnimat í Verslunarfagnámi verður haldinn í Ofanleiti 2, 3. hæð þriðjudaginn 24. janúar kl: 20:00.

Markmið með raunfærnimati er að meta færni og gefa út staðfestingu á henni.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Mímis símenntunar á mimir.is eða í síma 580 1800.



Á LEIÐ TIL ÍSLANDS Don McLean á Glastonbury-hátíðinni síðasta sumar. Hann spilar í Háskólabíói 17. október. NORDICPHOTOS/GETTY

GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON: HANN ER Í GÓÐU FORMI

Don McLean höfundur American Pie til Íslands

Bandaríski söngvarinn, lagahöfundurinn og Grammy-verðlaunahafinn Don McLean spilar í Háskólabíói 17. október. Hann er þekktastur fyrir lagið *American Pie* sem er eitt það vinsælasta í tónlistarsögunni.

„Það er alltaf gaman þegar maður fær svona heimsþekktu listamann til landsins,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson um McLean.

Fjórútu ár eru liðin frá því að ein mest seldu plata áttunda áratugarins, *American Pie*, kom út. Af því til efni ætlar McLean að spila víða um heiminn á þessu ári. Hann spilaði á Glastonbury-hátíðinni í fyrra við frábærar undirtektir og er því í finu formi, 66 ára að aldri. „Hann spilaði

á Glastonbury fyrir framan hundruð þúsund manns og menn gera það ekki nema menn séu í góðu formi,“ segir Guðbjartur. „Ég hef verið að skoða umsagnir um tónleikana hans og þeir hafa verið að fá rosalega fína dóma.“

Platan *American Pie* var tileinkuð Buddy Holly og talið er að titillagið fjalli um flugslysið sem varð til þess að hann og tveir aðrir tónlistarmenn, þeir Ritchie Valens og J. P. „The Big Bopper“ Richardson, fórust. Samtök plötuútgefanda í Bandaríkjunum völdu lagið það fimmta áhrifamesta á síðustu öld og árið 2002 var það vígt inn í Grammy-frægðarhöllina. Lagið sat á toppi bandaríska vinsældalistans

í fjórar vikur árið 1971. Sjálfur var McLean vígður inn í Frægðarhöll lagahöfunda árið 2004. Annað vinsælt lag af plötunni er *Vincent*, sem var tileinkað málaranum Vincent Van Gogh.

Meðal annarra þekktra laga McLean er *Crying* sem er hans útgáfa af lagi Roy Orbison, *Castles in the Air* og *And I Love You So* sem Elvis Presley tók upp á sína arma og söng. Einnig var lagið *Killing Me Softly with His Song* samið um McLean. Síðasta plata hans, *Addicted to Black*, kom út fyrir þremur árum.

Miðasala á tónleika Dons McLean í Háskólabíói hefst á Midi.is á næstunni. freyr@frettabladid.is

Páfagaukurinn ljúfur mótaleikari

Einar Aðalsteinsson leikari fer með aðalhlutverkið í *Gulleyjunn* sem Leikfélag Akureyrar frumsýnir í samstarfi við Borgarleikhúsið 27. janúar næstkomandi. Einar leikur þar á móti tónlistarmanninum Birni Jörundi Friðbjörnssyni og páfagauknum Joshua.

Einar leikur Jim Hawkins, ungan pilt sem vinnur á krá og lendir í miklum ævintýrum þar sem hann kynnist meðal annars sjóræningjanum Langa-Jóni Silfur sem Björn Jörundur leikur.

Inntur eftir því hvernig sé að leika á móti Birni Jörundi og Joshua segir Einar það gaman enda séu þeir báðir mikil ljúfmenni. „Þeir eru báðir mjög ljúfir og rólegir og það er ofsalega gaman að vinna með þeim. Munurinn liggur kannski helst í því að fuglinn hefur minni orðaforða en Björn,“ segir Einar glettnislega.

Joshua er sjö ára gamall páfugl sem flutti með eiganda sínum frá

Dublin til Íslands. Líkt og aðrir leikarar *Gulleyjunnar* mun Joshua búa á Akureyri meðan á sýningum stendur og vonar Einar til þess að hann og fuglinn geti orðið herbergisfélagar.

„Hann verður bara einn af okkur og ég vona svo sannarlega að hann fái að búa hjá mér enda erum við miklir mátar. Hann er líka svo skemmtilegur og flottur á litinn, það er nánast eins og hann sé ekki ekta, hann er það fallegur,“ segir Einar.

Líkt og áður hefur komið fram verður verkið frumsýnt í lok mánaðarins og að söng Einar hafa æfingar gengið vonum framár þrátt fyrir nokkur eymsli vegna skylminga. „Við höfum æft alveg síðan í nóvember og erum orðin mjög spennt fyrir frumsýningunni. Það er mikill hasar í leikritinu og ég hef fengið nokkrar skrámur við skylmingaæfingar, en ekkert meira en það.“

- sm



GÓÐIR FÉLAGAR Einar Aðalsteinsson og páfagaukurinn Joshua leika báðir í *Gulleyjunn* sem frumsýnd verður í lok janúar. Þeir eru miklir mátar líkt og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞÍTU PARTY

allar ÞÍTUR m/frönskum & gosi

1095.

16.-31. JAN.

Þítan

SKIPHOLTI 50c SÍMI 562 9090

FRÉTTIR VÍDSKIPTI SPORT UMR/EDAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



visir

ÚTSAULA

BÍLTÆKI
MAGNARAR ÚTVÖRP
FERÐATÆKI MP3 SPILARAR
BILMAGNARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 300.000 kr. afsl.
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
Denon hljómtæki með allt að 43% afslætti
Saumavélar með allt að 32% afslætti
Pvottavélar í miklu úrvali verð frá 59.995
Whirlpool ofnar helluborð
og háfar á frábærum verðum
Brauðvélar frá 9.995
42" sjónvörp frá 99.995
Frystikistur frá 39.995

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
OPIÐ LAUGARDAGA 11-16

 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFRÖST indesit DeLonghi Whirlpool



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Edrú John Grant

Bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant sneri aftur hingað til lands 9. janúar eftir að hafa spilað á Airwaves-hátíðinni síðasta haust við góðar undirtektir. Hann ætlar að dvelja á landinu til næstu mánadámóta, eða í um þrjár vikur. Eins og komið hefur fram ætlar hann að spila í Edrúhöllinni 17. janúar og það verða hans einu tónleikar hér á landi. Grant ætti að finna sig vel í Edrúhöllinni því hann hefur ekki notað vímuefni árum saman en á plötu hans, Queen of Denmark, söng hann meðal annars um baráttu sína við áfengis- og eiturlyfjafíkn.



Rólegur heima á Hofi

Kvikmynd Baltasars Kormáks, Contraband, var mest sótt kvikmynd í bióhúsum í Bandaríkjunum um helgina en hún var frumsýnd á föstudag. Talið er að tekjurnar slagi hátt í 30 milljónir dollara þessa fyrstu sýningarhelgi en myndin kostaði 25 milljónir dollara í framleiðslu. Gagnrýnendur hafa ekki allir verið jafn hrifnir af þessari Hollywood-endurgerð af Reykjavík Rotterdam en á kvikmyndavefnum Rotten Tomatoes eru 46% dómanna jákvæðir. Mark Wahlberg fer með aðalhlutverkið í myndinni og hringdi í skjólinum í Baltasar. Sjálfur sat hann pollrólegur heima á Hofi í Skagafirði og gæddi sér á harðfisk.



- fb, rat

Mest lesið **vísir**

- 1 Falskt eftirlit verra en ekkert
- 2 Annar alvarlegur brunni vegna etanól-arins
- 3 Stunginn í bakið að ástæðulausu
- 4 Vistmaður á Kleppi talinn hafa kveikt í íbúðarhúsi
- 5 Fundu hjón á lífi í flaki skemmtiferðaskipsins



ALLURE
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 163.600 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
98.160 kr.
ÞÚ SPARAR 65.440 Kr.

40% AFSLÁTTUR!

QUANTUM
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 313.300 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
203.645 kr.
ÞÚ SPARAR 109.655 Kr.

35% AFSLÁTTUR!

HÁGÆÐA DÚNSÆNGUR
Fullt verð 28.540 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
19.978 kr.
ÞÚ SPARAR 8.562 Kr.

HEILSUKODDAR

30% AFSLÁTTUR!

DÚN- OG FIDURSÆNGUR
Fullt verð 13.900 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
9.730 kr.
ÞÚ SPARAR 4.170 Kr.

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM

30% AFSLÁTTUR!

SÆNGURFÖT

30% AFSLÁTTUR!



Fólkið í landinu les Fréttablaðið



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, júlí-sept. 2011.